FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
186. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 10. ÁGÚST 2017



Tónlistarmenn þrömmuðu Laugaveginn endilangan í gær við upphaf Jazzhátíðar í Reykjavík. Á meðal þeirra sem blésu í saxófón var Björn Kristinsson. Sjá síðu 36 FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Kona send heim strax eftir heilablóðfall

**Kona var flutt veik og lömuð í annarri hlið líkamans á bráðamóttöku Landspítalans í lok júlí. Læknar sögðu að um þvagfærasýkingu væri að ræða og sendu hana heim með sýklalyf. Konan reyndist vera með blóðtappa. Aðstandendur íhuga að kæra til Landlæknis.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjölskylda konu, sem læknar greindu með þvagfærasýkingu og sendu heim af bráðamóttöku Landspítalans í lok júlí með sýklalyf, íhuga að kæra mistök og yfirsjón lækna til landlæknis. Konan reyndist vera með blóðtappa í höfði.

Rúmum sólarhring eftir að hin 62 ára gamla Helga Dóra Reinaldsdóttir var send heim féll hún á baðherbergisgólfið á heimili sínu með þeim afleiðingum að hún handleggsbrotnaði illa. Eiginmaður Helgu, Jón Birgir Ragnarsson, segir að læknar hafi ætlað sér að útskrifa hana aftur eftir að hafa gert að brotinu en hann stóð fast á því að eitthvað meira væri að. Við nánari athugun lækna kom í ljós að hún var með tvo blóðtappa. Jón Birgir segir að svona nokkuð eigi ekki að geta komið fyrir, að manneskja sem komi veik og lömuð í annarri hlið líkamans sé bara send heim. Hann segir að starfsmenn hafi viðurkennt að mistök hafi verið gerð.

> Þetta átti að lagast á tveimur til þremur dögum. En það var allt annað í bígerð.
>
> Jón Birgir Ragnarsson, eiginmaður konunnar.



Fjölskyldan er allt annað en sátt og íhugar að kæra málið til Landlæknis. Jón Birgir segir að eiginkona hans liggi enn á spítala, hún sé farin að geta hreyft sig en tíminn einn muni leiða í ljós hver bati hennar verður. Ljóst sé í hans huga að afleiðingar veikindanna hafi verið meiri og alvarlegri vegna mistakanna.

Talsmaður Landspítalans segist ekki geta tjáð sig um einstök mál. – **smj** / sjá síðu 8

## Vill sögufræga danska verslun

**VIÐSKIPTI** Fasteignafélagið Reginn hefur átt í viðræðum við stjórnendur Illums Bolighus um opnun dönsku húsgagna- og búsáhaldaverslunarinnar á Hafnartorgi í miðborg Reykjavíkur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er samkomulag ekki í höfn og vill Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, ekki staðfesta að viðræður standi yfir.

„Við erum með alls konar fólk í þessum málum [viðræðum við mögulega leigutaka] fyrir okkur heima og erlendis. Og það hefur verið rætt við alls konar aðila í Skandinavíu um verslanir,“ segir Helgi.

Illums Bolighus rekur sex verslanir í Danmörku. Sú þekktasta og stærsta er á Amagertorgi. – **hg** / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Varaformaður Viðreisnar skrifar um gjaldeyrismál. 14

**SPORT** Ólafía Þórunn vill gera enn betur. 22

**MENNING** Hinsegin saga á Íslandi er ákaflega forvitnileg. 28

**LÍFIÐ** Sviðslistakona safnar peningum á Karolina Fund til að losna við sinn fyrrverandi. 38

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

HNÍFAPARATÖSKUR
12 MANNA
ÁSAMT FYLGIHLUTUM
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

SMÁRALIND




LOKASPRETTUR ÚTSÖLUNNAR
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

## Veður




Norðaustan strekkingur í dag, hvassast SA til. Vætusamt á Norðausturlandi, annars víða skýjað, en bjart sunnan heiða. Hiti víðast 6 til 16 stig, en ívið hlýrra sunnanlands yfir daginn. SJÁ SÍÐU 26



**Hús íslenskra fræða.**
MYND/HORNSTEINAR

# Hús íslenskra fræða fær leyfi

**MENNINGARMÁL** Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur gefið Framkvæmdasýslu ríkisins byggingarleyfi vegna Húss íslenskra fræða á lóð Háskóla Íslands við Arngrímsgötu.

Fram kemur í gögnum málsins að húsið verði þrjár hæðir ofanjarðar auk kjallara og bílakjallara fyrir 60 bíla. Torf verði á aðalþaki hússins sem verði steypt og klætt „cortenstáli“. Alls verður byggingin 6.436 fermetrar auk 2.260 fermetra bílageymslu. **– gar**

## Minnismerkið um múrinn



**Minnismerkið um Berlínarmúrinn er vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Kommúnistastjórnin sem þá réð ríkjum í Austur-Þýskalandi hóf byggingu Berlínarmúrsins hinn 13. ágúst 1961, eða fyrir 56 árum. Hann var síðan rifinn 9. nóvember 1989.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sjallar efna til leiðtogavals

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðismenn í borginni munu velja sér oddvita fyrir borgarstjórnarkosningarnar næsta vor með svokölluðu leiðtogakjöri. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Fundur fór fram hjá stjórn Varðar – fulltrúaráði Reykjavíkur í gærkvöldi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var tillagan samþykkt þar. Í henni felst að kosið verður um efsta sæti listans en önnur sæti hans verða valin af uppstillingarnefnd.

„Ég get staðfest að stjórn Varðar hittist í gærkvöldi og ræddi fyrirkomulag um val á lista,“ segir Gísli Kr. Björnsson, formaður Varðar. Hann vildi hins vegar ekki staðfesta eða neita hvaða leið varð fyrir valinu.

Tillagan eigi eftir að fara fyrir fund framkvæmdarstjórnar og fulltrúaráðsfund og því sé ekki tímabært að ræða niðurstöðuna strax. **– jóe**

# Vantar hundruð starfsmanna

**MENNTUN** „Þegar almenni markaðurinn kallar á fólk er þrengra um hjá okkur í skóla- og frístundastarfi. En það eru margar umsóknir í gangi og erfitt að meta hvernig staðan verður,“ segir Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Sviðið hefur tekið saman stöðu starfsmannamála í leikskólum og grunnskólum borgarinnar. Alls vantar fólk í 73 stöðugildi í grunnskólum borgarinnar; kennara, stuðningsfulltrúa, skólaliða, þroskaþjálfa og starfsfólk í mötuneyti. Á leikskólum borgarinnar þarf að ráða í 132 stöðugildi; deildarstjóra, leikskólakennara og stuðningsfulltrúa. **– ebg**



**Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.**

# Starfshópur um lélega mætingu í efstu deild

**KSÍ hefur sett saman starfshóp sem á að skoða og greina hvers vegna stuðningsmenn liða í Pepsi-deild karla mæta ekki á völlinn. Hækkun miðaverðs er ein breyta í stóru dæmi segir formaður starfshópsins sem hefur þegar hafið störf.**

**ÍÞRÓTTIR** Knattspyrnusamband Íslands hefur sett af stað starfshóp sem á að skoða hvernig eigi að fjölga áhorfendum á leikjum í Pepsi-deild karla. Þrátt fyrir að Pepsi-deild karla hafi sjaldan verið jafn spennandi og skemmtileg hefur mætingin á vellina tólf verið undir væntingum. Rúnar V. Arnarson mun stýra verkefninu og hefur hann þegar kallað starfshópinn á einn fund.

„Það er mál manna hjá úrvalsdeildarfélögunum að betur mætti fara og félögin hefðu viljað sjá fleira fólk í stúkunni. Við erum búin að sitja einn fund og setja eitthvað af stað. Við förum yfir stöðuna, hvað er til ráða og hvað er hægt að gera,“ segir Rúnar. Hann býst við að þráðurinn verði tekinn aftur upp núna þegar verslunarmannahelgin er liðin. Þeir sem komu að fundinum voru Íslenskur toppfótbolti, hagsmunasamtök félaga í efstu deild, Ölgerðin og 365, rétthafi deildarinnar. „Það voru allir jákvæðir og allir af vilja gerðir að bæta í,“ bætir hann við.

Íslenskur toppfótbolti ákvað fyrir tímabilið að lágmarksverð á leiki í Pepsi-deild karla verði 2.000 krónur og hækkaði miðaverð um 500 krónur. Frítt er inn fyrir 16 ára og yngri. Var hækkunin töluvert gagnrýnd. Rúnar segir að það séu fleiri breytur í dæminu en það að miðaverð hafi hækkað. „Þeir sem ákváðu það, Íslenskur toppfótbolti, verða að svara fyrir það, ég ætla ekki að blanda mér í það. KSÍ vill hjálpa félögunum og deildinni að verða betri og auka aðsóknina og gera hana söluvænni fyrir alla.“



**Fulltrúar KSÍ, Íslensks toppfótbolta, 365 og Ölgerðarinnar eiga að komast að því hvað þurfi að taka til bragðs til að fá fólk á völlinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Það er mál manna hjá úrvalsdeildarfélögunum að betur mætti fara og félögin hefðu viljað sjá fleira fólk í stúkunni.**
>
> Rúnar V. Arnarson, formaður starfshóps um aðsókn á leiki í Pepsi-deild karla.



Þrátt fyrir mikla spennu á toppi sem botni, mikið af mörkum og mikla skemmtun hefur aðsókn verið dræm. Aðsóknartölur voru ekki gefnar upp fyrir stórleik FH og Vals en nýja stúkan var heldur tómleg að sjá. Innan við 500 mættu í Víkina að sjá slag Víkinga og ÍBV og 671 kom á viðureign ÍA og KR. Í 13. umferð var aðeins einn leikur með yfir þúsund áhorfendur.

„Ég held að fólk geti ekki kvartað að fá ekki skemmtilega leiki. Við vonum að þegar fólk fer að skila sér úr fríum og öðru að aðsóknin aukist. Það er ekkert sjálfgefið í þessu og menn verða að vinna í þessu áfram,“ segir Rúnar. **benediktboas@365.is**

Simaveski.is

Símaveski, heyrnartól, snúrur og allt fyrir símann.

Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

HÚSASMIÐJAN blómaval

# NÝ SENDING
# RAFMAGNSPOTTAR

## ÓTRÚLEGT VERÐ – TAKMARKAÐ MAGN

**MSpa** uppblásnir rafmagns nuddpottar. Fánlegir 4-6 manna.

Verð frá
**66.895kr**



- 4 manna
- 180 x 70cm
- 118 nuddstútar
- Þyngd 22 kg (tómur).
- Hitar í 42 C°

Vnr. 8089100

PVC dúklok fylgir



SÚPER VERÐ

Crossover 730l Rafmagnsnuddpottur

**675.890kr**

- Nuddstútar: 30 stykki hreyfanlegir
- Hitari: 3 kW
- Dæla: 3 HPR (2070W) tveggja hraða
- Ozone búnaður: innifalinn

Vnr. 8089151/8089150

Lok fylgir

Sýniseintök í eftirfarandi Húsasmiðju verslunum:
- Grafarholti
- Skútuvogi
- Selfossi
- Akureyri

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



DEWALT

DeWalt verkfæri
**25%** afsláttur

ATH! DeWalt veltisög er á 15% afslætti



HITACHI Inspire the Next

Öll Hitachi verkfæri
**25%** afsláttur

Handverkfæri
**30%** afsláttur



Verkfæratöskur
**35%** afsláttur



Byggjum á betra verði

FRÍ HEIMSENDING
Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA



Meint auðgunarbrot starfsmanns Bónuss í Eyjum er enn til rannsóknar. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

## Fjárdráttur í Eyjum enn til rannsóknar

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglu á meintum auðgunarbrotum fyrrverandi verslunarstjóra Bónuss í Vestmannaeyjum stendur enn yfir og liggur ekki fyrir hvenær henni lýkur.

DV greindi frá því í lok mars síðastliðins að mál starfsmannsins hefði verið kært til lögreglu og hermdu heimildir að grunur léki á fjárdrætti. Rannsókn málsins var þá á algjöru frumstigi og stendur enn yfir samkvæmt upplýsingum frá rannsóknardeild lögreglunnar í Vestmannaeyjum. Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, staðfesti við DV að viðkomandi starfsmanni hefði verið sagt upp.

Ekki liggur fyrir hversu háar fjárhæðir um er að ræða í málinu né hversu lengi hin meintu brot eiga að hafa staðið. – **smj**

## Borgun sektuð vegna bónusa

**VIÐSKIPTI** Fjármálaeftirlitið (FME) og greiðslukortafyrirtækið Borgun hf. gerðu þann 9. júní með sér samkomulag um sátt vegna brots Borgunar á reglum FME um kaupaukakerfi. Samkvæmt henni greiðir Borgun sekt upp á 11,5 milljónir króna.

Sáttin kom í kjölfar athugunar FME á ákvörðun Borgunar um að greiða öllu starfsfólki fyrirtækisins 900 þúsund krónur í launauppbót í september í fyrra. Alls fengu 149 starfsmenn bónus og nam heildargreiðsla Borgunar því 134 milljónum króna. Íslandsbanki er stærsti eigandi Borgunar, með 63,5 prósenta hlut, en bankinn er alfarið í eigu íslenska ríkisins. – **hg**

**11,5**

**milljónir króna er upphæð sektarinnar sem Borgun greiðir.**

# Erla segir of mikla áherslu lagða á játningar

**KVIKMYNDIR** Heimildarmyndin Out of Thin Air verður frumsýnd í Bíói Paradís í kvöld.

Myndin fjallar um rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála og er framleidd af Sagafilm og breska fyrirtækinu Mosaic Films fyrir RÚV, BBC og Netflix. Leikstjóri myndarinnar er Dylan Wowitt.

„Þetta virðist hafa fengið mjög á fólk og andrúmsloftið var tilfinningaþrungið,“ segir Erla Bolladóttir, sem sat fyrir svörum eftir frumsýningu myndarinnar í London fyrr í sumar.

„Ég fékk meðal annars spurningar um hvernig ég hefði farið að því að vera ‚ókei‘ eftir þetta allt og hvort eitthvað þessu líkt hafi gerst aftur. Ég varð hrygg að þurfa að svara því að það eru enn aðferðir í gangi óþægilega svipaðar þessu,“ segir Erla og bætir við til skýringar að enn í dag sé of mikil áhersla lögð á að ná fram játningum við rannsóknir í sakamálum án þess að gera allt sem hægt er til að rannsaka eftir öðrum leiðum líka.



**Erla Bolladóttir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Out of Thin Air var frumsýnd fyrst á kvikmyndahátíð í Toronto síðastliðið vor. Eftir það fór hún víða um heiminn. Meðal annars á heimildarmyndahátíð í Sheffield. Þá hefur myndin einnig verið í sýningum í London í sumar, sem fyrr segir. – **aá**

# Skógræktin í spilið og lundi eirt

**Skógræktin mun í samráði við Þingvallaþjóðgarð ákveða örlög grenilundar við sumarhús er ríkið keypti við Valhallarreit. Boðað hafði verið að grenitrén yrðu upprætt en skógræktarstjóri segir það ekki standa til.**

**UMHVERFISMÁL** Ekkert verður af því að trjálundur sem stendur umhverfis sumarbústað næst Valhallarreitnum á Þingvöllum verði upprættur eins og til stóð.

Ríkið keypti í fyrrahaust sumarbústaðinn sem um ræðir. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í febrúar síðastliðinn sagði Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður í bréfi til forsætisráðuneytisins að ætlunin væri að rífa húsið og „uppræta greniskóg sem er á lóðinni og hefur slæm sjónræn áhrif og opna aðgang að henni fyrir almenning“.

Sex dögum síðar gagnrýndi Aðalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri Skógræktarinnar, áformin harðlega í Fréttablaðinu. Og nú virðist vera fallið frá því að „uppræta“ trén.

„Við kölluðum Skógrækt ríkisins til ráðuneytis og samstarfs um að grisja reitinn við Valhallarplanið og var byrjað lítillega á því í sumar samkvæmt þeirra tillögum,“ svarar þjóðgarðsvörður spurður um stöðuna á trjágróðrinum.

Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri segir að úlfaldi hafi verið gerður úr mýflugu því þótt staðið hafi „í einhverju plaggi með rökstuðningi fyrir að kaupa bústaðinn“ að fjarlægja ætti trén þá hafi ekki verið um nein útfærð plön af hálfu þjóðgarðsins að ræða. Skóginn þurfi þó að grisja. Áætlun um það sé ekki tilbúin en verði gerð út frá umhverfisþáttum eins og útsýni.

„Ef 40 metra hátt sitkagrenitré er fyrir þriðjungi af útsýni á Hakinu er spurning hvort tréð eigi að vera áfram eða útsýnið,“ útskýrir Þröstur. Þótt grenið sé núna fimmtán metra hátt og langt í að það nái fjörutíu metra hæð þá geti það gerst. Horfa þurfi langt fram í tímann. „Við erum ekki að tala um að gera þetta á næstu árum.“

Tré sem teljast af erlendum uppruna eru á fleiri stöðum í Þingvallaþjóðgarði og sumum finnst þau falleg. „Fólk gróðursetti tré í þjóðgarðinn vegna þess að því fannst það vera að gefa landinu betri gróður heldur en var þar áður – af því að birkikjarrið var bara talið vera rusl,“ segir Þröstur. Engar öfgar séu gagnvart þessum erlendu trjám í Þingvallaþjóðgarði. „Að minnsta kosti ekki eins og í gamla daga þegar sumir vildu ganga hart fram og fjarlægja öll útlensku trén á Þingvöllum.“



Trén við gamla sumarbústaðinn næst Valhallarreitnum sleppa við að verða upprætt í bili að minnsta kosti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Ef við gerum ekkert þá munu þessi tré sá sér og breiðast út. Þau munu vaxa upp úr birkikjarrinu og koma í staðinn fyrir það. Það er ekki vilji núna til þess að það fái að gerast óhindrað.**
>
> Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri



Skógræktarstjóri segir að til framtíðar séu valmöguleikarnir tveir. „Ef við gerum ekkert þá munu þessi tré sá sér og breiðast út. Þau munu vaxa upp úr birkikjarrinu og koma í staðinn fyrir það. Það er ekki vilji núna til þess að það fái að gerast óhindrað, hvorki hjá þjóðgarðinum né hjá Skógræktinni. Af því að einmitt á þessum stað, í þjóðgarðinum, er í sjálfu sér eðlilegt að halda svolítið upp á birkikjarrið.“

Eðlileg framtíðarstefna sé því sú að útlensku trén hverfi á endanum úr þjóðgarðinum. „Smám saman verða útlensku trén fjarlægð þegar eðlilegt þykir; grisjuð eðlilega, felld þegar þau eru komin á aldur og ekki leyft að breiðast út,“ segir skógræktarstjórinn. **gar@frettabladid.is**




maria nila STOCKHOLM

Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari

Veldu með hjartanu 100% vegan hárvörur frá Maria Nila.
Head & Hair Heal verndar lit hársins, örvar hárvöxt og vinnur á móti hárlosi, þurrum hársverði og flösu ásamt því að vera bólgueyðandi. Sjampóið og hárnæringin eru hönnuð til daglegra nota fyrir alla.

Maskan má nota 1-2 í viku.
Allar vörurnar í línunni innihalda vegan innihaldsefni, en hvorki súlföt, paraben né aðra ofnæmisvalda.




Regalofagmenn Regalo ehf Iceland
www.regalo.is
REGISTERED WITH
LEAPING BUNNY | PETA | VEGAN SOCIETY


# Búast við minni hækkunum á húsnæði

**EFNAHAGSMÁL** Eftir miklar húsnæðisverðshækkanir að undanförnu eru teikn á lofti um að farið sé að hægja á húsnæðismarkaðnum. Þetta kemur fram í uppfærðri hagvaxtarspá greiningardeildar Arion banka. Þar kemur fram að auglýstum fasteignum hefur fjölgað, ásett fermetraverð farið lækkandi og fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu lækkað í verði á milli mánaða í júní, í fyrsta skipti frá 2015.

„Við gerum ráð fyrir að hægja taki verulega á húsnæðisverðshækkunum á komandi misserum, enda hefur húsnæðisverð hækkað talsvert umfram laun og ráðstöfunartekjur að undanförnu, sem og að útlit er fyrir mikilli framboðsaukningu,“ segir í spá greiningadeildarinnar.

Gert er ráð fyrir fyrir kröftugum hagvexti í ár, eða 5,3%, en að hægja taki á vextinum þegar fram í sækir. Einkaneyslan verður ein helsta drifjöður hagvaxtarins, studd áfram af litlu atvinnuleysi og kaupmáttaraukningu og þjónustuútflutningi.



**Fasteignaverð í Breiðholti hefur hækkað töluvert undanfarið ár. Nú er búist við að það taki að hægja á hækkunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

> **Gert er ráð fyrir að verðbólgan taki að stiga á næsta ári og fari hæst í 3,2 prósent í ársbyrjun 2019.**

Greiningardeildin gerir ráð fyrir að verðbólgan taki að stiga á næsta ári og fari hæst í 3,2% í ársbyrjun 2019. Gert er ráð fyrir minni verðbólgu en áður var talið. – **jhh**


SUZUKI
Way of Life!
LÁTTU EKKERT STOPPA ÞIG
SUZUKI 4X4
VITARA
Vitara S 4x4
Verð frá kr. 4.590.000
VITARA
Vitara 4x4
Verð frá kr. 3.830.000
IGNIS
Ignis 4x4
Verð frá kr. 2.480.000
SWIFT
Swift 4x4
Verð kr. 2.550.000
Jimny 4x4
Verð frá kr. 3.190.000
S-CROSS
S-Cross 4x4
Verð frá kr. 4.060.000
KOMDU
Í HEIMSÓKN
OG KYNNTU
ÞÉR ÚRVALIÐ
SUZUKI 4X4 FJÖLSKYLDAN
Fjölbreytt úrval af fjórhjóladrifsbílum
í öllum stærðum og við allra hæfi.
Láttu ekkert stoppa þig.
FLUTT MEÐ
EIMSKIP
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

## Ekki þörf á nálgunarbanni

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Suðurlands um að fella úr gildi nálgunarbann yfir manni sem grunaður er um að hafa beitt bróður sinn andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi um árabil. Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum tók ákvörðun um nálgunarbann og brottvísun mannsins af heimili þeirra í bænum í lok júlí. Í niðurstöðu dómsins segir að þar sem maðurinn hafi ekki brotið gegn bróður sínum síðan í apríl í fyrra, sálfræðimeðferð hans hafi gengið vel, hann fluttur úr bænum með móður sinni og sé ekki væntanlegur aftur í bæinn á þeim tíma sem bannið átti að gilda sé það óþarft.

Rannsókn á meintum brotum mannsins er lokið og bíður ákvörðunar um saksókn hjá héraðssaksóknara. – **smj**

## Áhlaup á heimili kosningastjóra

**BANDARÍKIN** Alríkislögreglan gerði áhlaup á heimili Pauls Manafort í Virginíuríki í Bandaríkjunum. Manafort stýrði forsetaframboði Donalds Trump Bandaríkjaforseta um tíma áður en honum var skipt út vegna háværs orðróms um tengsl hans við erlend ríki.

Áhlaupið var gert undir lok síðasta mánaðar, en greint frá því í fjölmiðlum í gær. Aðeins degi fyrr hafði Manafort komið á fund upplýsingamálanefndar öldungadeildar Bandaríkjaþings og svarað spurningum nefndarmanna.

Alríkislögreglan er sögð hafa verið að rannsaka í gær umdeildan fund Donalds Trump yngri með rússneskum lögfræðingi. – **þea**

## Hitabylgja í Evrópu



Mikil hitabylgja geisar á meginlandi Evrópu þessa dagana. Í Póllandi hefur hitinn farið yfir 30 gráður á Celsíuskvarða. Þessi strákur var að leika sér með vatnsslöngu í höfuðborg landsins, Varsjá, og varð á vegi ljósmyndara. Ekki er annað að sjá en að stráksa líki vel við gusuna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Það skýrist í haust hver kostnaðurinn verður

**STJÓRNMÁL** Nefnd sem Alþingi skipaði til að annast undirbúning og framkvæmd aldarafmælishátíðar sjálfstæðis og fullveldis Íslands, sem fagnað verður á næsta ári, hefur hafið störf og vinnur nú að gerð fjárhagsáætlunar. Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, framkvæmdastjóri verkefnisins, segir aðspurð að það muni skýrast með haustinu hvað hátíðahöldin muni kosta ríkissjóð.

„Við erum að greina þetta allt niður núna og það mun skýrast þá. Við fáum ákveðin verkefni sem við eigum að sinna og erum að vinna núna í hvernig þetta fjármagn á að fara í þau verkefni sem talin eru upp í þingsályktun. Auk þess munum við styðja við fjöldann allan af verkefnum. Í lok ágúst munum við kalla eftir verkefnum á dagskrána sem við munum styðja."



**Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, framkvæmdastjóri verkefnisins**

Þingsályktun um hvernig minnast skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands var samþykkt á Alþingi í október 2016 og í desember skipaði Alþingi nefnd til að annast undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar árið 2018.

Meðal verkefna nefndarinnar, sem Einar K. Guðfinnsson, fyrrverandi forseti Alþingis veitir formennsku, er að láta taka saman rit um aðdraganda sambandslaganna. Stofna til sýningar í samvinnu við Árnastofnun á helstu handritum safnsins og stuðla að heildarútgáfu Íslendingasagnanna á afmælisárinu svo fátt eitt sé nefnt. Þá verður haldinn hátíðarfundur á Þingvöllum 18. júlí 2018. – **smj**

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA
ÆFINGASTÖÐ SLF • REYKJADALUR

**Aðalfundur**

Aðalfundur Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra verður haldinn í húsnæði félagsins að Háaleitisbraut 13, **fimmtudaginn 17. ágúst kl. 17,00.**

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf í samræmi við 4. gr. í skipulagsskrá Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

***Stjórnin***

# Vill sögufræga danska verslun á Hafnartorgið

**Reginn fasteignafélag hefur átt í viðræðum við eigendur dönsku húsgagnaverslunarinnar Illums Bolighus vegna Hafnartorgs sem verður tilbúið á næsta ári. Fyrirtækið danska var stofnað árið 1926 og rekur tólf verslanir í Evrópu.**

**VERSLUN** Fasteignafélagið Reginn hefur samkvæmt heimildum Fréttablaðsins átt í viðræðum við eigendur Illums Bolighus um opnun dönsku húsgagna- og búsáhaldaverslunarinnar á Hafnartorgi í miðborg Reykjavíkur. Forstjóri Regins vill ekki staðfesta að viðræðurnar standi yfir en heimildir herma að samkomulag sé ekki í höfn.

„Við erum með alls konar fólk í þessum málum [viðræðum við mögulega leigutaka] fyrir okkur heima og erlendis. Og það hefur verið rætt við alls konar aðila í Skandinavíu um verslanir," segir Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, og vill ekki tjá sig frekar um málið.



**Framkvæmdum á Hafnartorginu á að ljúka um mitt næsta ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Illums Bolighus rekur sex verslanir í Danmörku. Sú þekktasta og stærsta, um tíu þúsund fermetrar að stærð, er á Amagertorgi við Strikið í Kaupmannahöfn. Þá rekur fyrirtækið einnig þrjár verslanir í Svíþjóð, tvær í Noregi og eina í Hamborg í Þýskalandi. Sú síðastnefnda er nýjasta verslun Illums og var opnuð í nóvember í fyrra. Fyrirtækið var stofnað árið 1925 og er í dag í eigu dansks fjárfestingafélags undir forystu Henrik Ypkendanz. Fyrirtækið tengist ekki stórversluninni Illum, sem rekin er í næsta húsi á Strikinu, og var í eigu Baugs Group og annarra íslenskra fjárfesta á árunum fyrir hrun.

> **Það hefur verið rætt við alls konar aðila í Skandinavíu um verslanir,**
>
> Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins



KONGELIG HOFLEVERANDØR
Illums Bolighus
AARHUS

Reginn keypti um 8.600 fermetra verslunar- og veitingarými á Hafnartorgsreitnum sem nú er í byggingu. Verklok eru áætluð um mitt næsta ár en eins og komið hefur fram mun sænski fatarisinn H&M opna sína þriðju verslun hér á landi á torginu. Reginn og dótturfélag þess, Eignarhaldsfélagið Smáralind, undirrituðu í júlí í fyrra leigusamninga við H&M um opnun tveggja verslana. Flaggskipsverslunin, um 4.300 fermetrar að stærð og á tveimur hæðum, verður opnuð í Smáralind í lok þessa mánaðar. **haraldur@frettabladid.is**




Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.

**Já, og meira fyrir peninginn.**

www.honda.is

BERNHARD

Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

## Kúkur kom upp um innbrotsþjóf

**BANDARÍKIN** Fangelsisvist bíður seinheppins bandarísks innbrotþjófs sem handtekinn var 28. júlí síðastliðinn. Lífsýni úr saur kom upp um hann.

Hinn 42 ára gamli Andrew Jensen braust inn í hús í borginni Thousand Oaks í Ventura-sýslu í Kaliforníu. Í miðjum klíðum gerði hann hlé á iðju sinni til að hægja sér. Hins vegar gleymdi hann að sturta niður.

Úrgangur mannsins var enn í skálinni þegar lögreglumenn bar að garði. DNA úr skarni mannsins passaði við eldri sýni og eftirleikurinn því auðveldur fyrir lögregluna. **– jóe**

## Sextánfaldaði kostnaðinn

**DÓMSMÁL** Rútubílstjóri á sextugsaldri var í upphafi mánaðar dæmdur til að greiða 20 þúsund króna sekt í ríkissjóð fyrir að hafa ekið rútu með bilaðan ökurita. Ofan á sektina bætast laun og ferðakostnaður verjanda hans, alls rúmar 295 þúsund krónur. Það að fara með málið fyrir dómstóla sextánfaldaði því kostnaðinn sem féll á manninn.

Maðurinn var stöðvaður í lok júlí í fyrra. Sinnti hann ekki boði um að ljúka málinu með greiðslu 20 þúsund króna sektar og var því mál höfðað fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Í málinu lagði maðurinn fram gögn sem sýndu fram á akstur hans þann daginn. Dómari málsins taldi að maðurinn hefði ekki gert tilraun til að leiðrétta brot sitt, líkt og heimilt er, fyrr en seint og um síðir. Var hann því sakfelldur. **– jóe**

# Fjölskyldan ósátt við yfirsjón læknanna á Landspítalanum

**Rúmlega sextug kona sem flutt var lömuð í annarri hlið líkamans með sjúkrabíl á bráðamóttöku í lok júlí var send heim með pensilín við þvagfærasýkingu. Tveimur dögum síðar féll hún í gólfið, handleggsbrotnaði illa og í ljós komu tveir blóðtappar. Fjölskylda konunnar skoðar nú hvort kæra eigi málið til Landlæknis.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta á náttúrulega ekki að koma fyrir að konu sem er með heilablóðfall sé hent út,“ segir Jón Birgir Ragnarsson, sem fór með eiginkonu sinni, Helgu Dóru Reinaldsdóttur, í sjúkrabíl á Landspítalann að kvöldi laugardagsins 29. júlí síðastliðins. Jón Birgir segir Helgu, sem er 62 ára, hafa verið mjög veika og önnur hlið líkamans hafi verið lömuð. Á bráðamóttökunni voru gerðar rannsóknir á henni sem leiddi lækna að þeirri niðurstöðu að hún væri með svæsna þvagfærasýkingu sem borist hefði út í blóð. Var hún að sögn Jóns leyst út með sýklalyfjum og send heim til að jafna sig.

„Þetta átti að lagast á tveimur til þremur dögum. En það var allt annað að gerast. Maður lamast ekki svona í hálfum líkamanum við þvagfærasýkingu,“ segir Jón Birgir. Enda fór svo að Helga Dóra var enn verulega veik á mánudagsmorguninn eftir helgina.

„Hún trúði því að hún væri orðin hraustari og reyndi að fara ein á klósettið. Þar hrundi hún í gólfið með þeim afleiðingum að hún brotnaði á fimm stöðum á handleggnum. Tvö úlnliðsbrot og þrjú brot í olnboga. Þannig að ég hringdi aftur á sjúkrabíl.“

Jón Birgir segir að staðið hafi til að senda eiginkonu hans aftur heim eftir að gert hafði verið að brotinu en hann staðið fast á því að eitthvað annað og meira væri að. „Þeir fóru að rannsaka þetta eftir að hafa gert að brotinu og þá kom þetta í ljós. Hún var með þessa blóðtappa þegar ég kom með hana fyrst. Fólk lamast ekkert svona öðruvísi. Þetta hefði bjargast betur hefðu þeir unnið strax á töppunum.“

Jón Birgir segir að spítalinn viðurkenni að mistök hafi verið gerð og að aldrei hafi átt að senda eiginkonu hans heim í fyrra skiptið.

Aðspurður um ástand Helgu í dag segir Jón Birgir að hún liggi enn inni á sjúkrahúsi þar sem verið sé að vinna í þessum blóðtöppum. Hún sé eitthvað farin að geta hreyft sig en tíminn einn muni leiða í ljós hver bati hennar verði. Hann segir fjölskylduna skiljanlega verulega ósátta við yfirsjón læknanna og skoði nú með aðstoð lögfræðings að kæra mistökin til Landlæknis.

„Spítalinn verður að taka á svona mistökum. Þetta er aðvörun fyrir spítalann um að svona nokkuð komi ekki fyrir aftur.“

Fréttablaðið leitaði viðbragða Landspítalans en fékk þau svör að spítalinn tjái sig ekki um mál einstakra sjúklinga. **mikael@frettabladid.is**



**Jón Birgir Ragnarsson, eiginmaður Helgu Dóru, er allt annað en sáttur og furðar sig mistökunum sem gerð voru.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




# SKIPTIBÓKABÓNUS!

**Penninn Eymundsson**
Smáralind, Kringlan, Hallarmúli, Austurstræti,
Hafnarfjörður, Keflavík, Akranes, Akureyri, Ísafjörður,
Húsavík, Vestmannaeyjar.
KT:560109-0670 VSK:100269

## VÖRUSKIL

| Lýsing | | Upphæð |
|---|---|---|

**SKIPTIBÓKABÓNUS**
**+ 400** kr. fyrir hverja bók

| | | |
|---|---|---|
| Stærðfræði | 1.stk | 2.320 |
| Skiptibókabónus | | 400 |
| Líffræði | 1.stk | 2.400 |
| Skiptibókabónus | | 400 |
| Samtals kr. | | 4.720(+800) |
| Inneignarnóta - | | 5.520 |

Fyrir hverja bók sem þú skilar
færðu auka 400 kr. inneign.
Þökkum viðskiptin

# +400




# PASSAÐU AFGANGINN

**Fyrir hverja skiptibók sem þú skilar inn færðu 400 krónur í bónus! Í Pennanum Eymundsson færðu MIKLU MEIRA fyrir bækurnar þínar. Tilboðið gildir út mánudaginn 14. ágúst.**

EASTPAK U.S.A.

# TÖSKUR
## 30% VILDAR AFSLÁTTUR




VILDARVERÐ: **15.399.-**
Verð: 21.999.-




VILDARVERÐ: **13.999.-**
Verð: 19.999.-




VILDARVERÐ: **10.499.-**
Verð: 14.999.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is



Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Vildarverð & 400 kr. bónus gildir til og með 14. ágúst. Penninn Eymundsson áskilur sér rétt á að neita móttöku skiptibóka.
















## Drægi langdrægustu eldflauga norðurkóreska hersins




# Bandaríkjamenn munu verja sig og sína

**Norður-Kórea hótar að ráðast á bandarísku eyjuna Gvam. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna segir að Bandaríkin muni verja sig og sína bandamenn. Nýjar langdrægar eldflaugar Norður-Kóreumanna gætu náð allt til New York.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



**BANDARÍKIN** „Forsetinn vildi að það væri alveg skýrt fyrir Norður-Kóreumönnum að Bandaríkin munu verja sig og bandamenn sína,“ sagði Rex Tillerson, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, við blaðamenn á leið sinni til bandarísku eyjunnar Gvam í gær.

Utanríkisráðherrann ferðaðist til Gvam í gær í kjölfar fréttar sem norðurkóreska ríkissjónvarpið KCNA birti fyrr um daginn. Fram kom í fréttinni að yfirvöld í Norður-Kóreu íhuguðu að ráðast á eyjuna með norðurkóreskum Hwasong-12 eldflaugum. Eyjan tilheyrir Bandaríkjunum og liggur um 2.500 kílómetra austur af Filippseyjum. Megintilgangur heimsóknar Tillersons var þó að fylla á eldsneytistank þotu sinnar áður en hann hélt heim til Bandaríkjanna frá Malasíu.

Nýjustu bylgju í Norður-Kóreudeilunni má rekja til eldflaugatilraunar sem Norður-Kórea gerði undir lok síðasta mánaðar. Þá prófaði norðurkóreski herinn Hwasong-14 eldflaug sem samkvæmt bandarísku samtökunum CSIS ætti að draga rúma 10.000 kílómetra sé henni skotið við kjöraðstæður.

Þess má geta að Ísland er í tæplega 8.000 kílómetra fjarlægð frá Norður-Kóreu og því vel innan þeirrar vegalengdar sem hægt er að skjóta eldflauginni. Sé henni hins vegar skotið í austurátt gæti snúningur jarðar hjálpað eldflauginni svo hún gæti mögulega drifið alla leið til New York-borgar, ef marka má greiningu CSIS.

Í kjölfar tilraunarinnar samþykktu Sameinuðu þjóðirnar nýjar þvinganir gegn Norður-Kóreu og féll það ekki vel í kramið hjá stjórnvöldum þar í landi. Sagði í yfirlýsingu frá ríkisstjórninni að þvinganirnar væru gróft brot gegn fullveldi ríkisins og



Þessari Hwasong-14 var skotið upp frá Norður-Kóreu í júlí í tilraunaskyni. Flaugin er talin geta dregið rúma 10.000 kílómetra. NORDICPHOTOS/AFP

> Bandaríkjamenn ættu að geta sofið rótt. Þeir ættu ekki að hafa neinar áhyggjur af afleiðingum harðrar orðræðu undanfarinna daga.
>
> 
>
> Rex Tillerson, utanríkisráðherra Bandaríkjanna

að Bandaríkjamenn myndu fá makleg málagjöld fyrir meint brot.

Þessum hótunum tók Donald Trump Bandaríkjaforseti ekki þegjandi. Sagði Trump á þriðjudag að Norður-Kórea myndi þurfa að þola „meiri eld og ofsa en heimurinn hefur nokkurn tímann séð“, hættu yfirvöld ekki að hóta því að ráðast á meginland Bandaríkjanna.

Bandarískir þingmenn gagnrýndu sumir hverjir ummælin í gær. John McCain öldungadeildarþingmaður sagði forsetann ekki endilega geta staðið við stóru orðin og þá sagði Demókratinn og fulltrúadeildarþingmaðurinn Eliot Engel að Trump væri genginn af göflunum.

Utanríkisráðherrann Tillerson varði forseta sinn með þeim ummælum sem lesa má fremst í fréttinni. Sagði hann enn fremur í gær að hann tryði því ekki að Bandaríkjamenn væru í bráðri hættu. „Bandaríkjamenn ættu að geta sofið rótt. Þeir ættu ekki að hafa neinar áhyggjur af afleiðingum harðrar orðræðu undanfarinna daga.“

Þá þvertók hann fyrir að versnandi samskipti leiddu til þess að Bandaríkjastjórn íhugaði að beita hervaldi gegn Norður-Kóreu. Greinir CNBC frá því að Tillerson hafi sagst ekki hafa heyrt eða séð neitt sem benti til þess.

Eddie Baza Calvo, ríkisstjóri Gvam, var á sama máli og Tillerson í gær. Sagði hann að hvorki Gvam né hinar nærliggjandi Maríana-eyjar væru í hættu. Þó væri ríkisstjórn Gvam í nánum samskiptum við Bandaríkjaher til að tryggja að ríkið væri reiðubúið undir hvað sem er.

**thorgnyr@frettabladid.is**




# SPORTLEGUR LÚXUS

Ford Focus ST-Line er sérstök útfærsla af Ford Focus. Ford Focus ST-Line er sportlegur í útliti með álpedulum og sportstýri. Hann er sérlega skemmtilegur í akstri með hinni aflmiklu og margverðlaunuðu 150 hestafla EcoBoost vél. Sportleg sætin auka enn frekar á akstursánægjuna. Ford Focus ST-Line er vel búinn, með sportfjöðrun og stútfullur af sportlegum eiginleikum.

FORD FOCUS ST-LINE FRÁ

**3.390.000** KR.

FORD FOCUS FRÁ **2.890.000** KR.

## ST-Line búnaður

- 150 hestafla EcoBoost vél
- 8" snertiskjár í miðjustokk
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- SYNC samskiptakerfi sem tengist snjallsíma
- Fimm stjörnu öryggi hjá EURO NCAP
- 17" Rock Metalic álfelgur
- ST-Line merkingar á hliðum
- ST-Line útlitskitt og innstigshlífar
- ST-Line LED framljós
- ST-Line þriggja arma leðurklætt stýri
- ST-Line sportsæti og sportpedalar

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Focus ST-Line***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Vínilparket - Harðparket - Flísar

15-40% AFSLÁTTUR

wineo – söluhæsti framleiðandi Þýskalands

MÚRBÚÐARVERÐ

ceraviva

Wineo - 5 mm vínill Aumera eik grá
3.817 kr. m²
Áður kr. ~~4.490~~
15% AFSLÁTTUR

Wineo - Tirol Oak hvít 8 mm harðparket
1.592 kr. m²
Áður kr. ~~1.990~~
20% AFSLÁTTUR

EUROWOOD - Bandsöguð áferð - 8 mm harðparket
1.272 kr. m²
Áður kr. ~~1.590~~
20% AFSLÁTTUR

Ceraviva Desert White - Gólfflís - 30x60 cm
2.993 kr. m²
Áður kr. ~~3.990~~
25% AFSLÁTTUR
(einnig til í 15x60 og 60x60)

Wineo - 5 mm vínill Viktoria eik native
3.817 kr. m²
Áður kr. ~~4.490~~
15% AFSLÁTTUR

Wineo - Washed Oak - 8 mm harðparket
1.592 kr. m²
Áður kr. ~~1.990~~
20% AFSLÁTTUR

EUROWOOD - dökk gróf eik - 12mm harðparket
2.392 kr. m²
Áður kr. ~~2.990~~
20% AFSLÁTTUR

Kai veggflís - hvít mótt - 25x40 cm
1.718 kr. m²
Áður kr. ~~2.290~~
25% AFSLÁTTUR

15% AFSLÁTTUR

Wineo - 5 mm vínill Viktoria eik grá
3.817 kr. m²
Áður kr. ~~4.490~~
15% AFSLÁTTUR

Wineo - Tirol grá eik - 10 mm harðparket
2.232 kr. m²
Áður kr. ~~2.790~~
20% AFSLÁTTUR

EUROWOOD - Hvít eik - 12 mm harðparket
2.542 kr. m²
Áður kr. ~~2.990~~
15% AFSLÁTTUR

Mustang náttúrusteinn - 30x60 cm
3.283 kr. m²
Áður kr. ~~4.690~~
30% AFSLÁTTUR

EUROWOOD

EUROWOOD KIPO EIK 12mm harðparket,
18,8x187,5cm 2.542 kr. m²
Áður kr. ~~2.990~~

Austurrískt - 13 mm viðarparket Eik
1.931 kr. m²
Áður kr. ~~3.218~~
40% AFSLÁTTUR
Gegnheill viður

Don - Klassisk eik - 8 mm harðparket
1.098 kr. m²
Áður kr. ~~1.390~~
21% AFSLÁTTUR

EUROWOOD - Grá eik - 12 mm harðparket
2.392 kr. m²
Áður kr. ~~2.990~~
20% AFSLÁTTUR

Kai bílskúrsflís - 33x33 cm - gegnheil ljós 7 mm
1.272 kr. m²
Áður kr. ~~1.590~~
20% AFSLÁTTUR

# Allt fyrir baðherbergið

15-30% AFSLÁTTUR

CERAVID

3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta.
**Þýsk gæðavara**
28.418
Áður kr. ~~37.890~~
25% AFSLÁTTUR

Skál: „Scandinavia design"

IDO

30% AFSLÁTTUR
Ido Seven D Image WC
32.123
Áður kr. ~~45.890~~

Ido Trevi vegghengt með setu
12.523
Áður kr. ~~17.890~~
30% AFSLÁTTUR

30% AFSLÁTTUR
IDO Seven D 19 SC vegghengt klósett
48.923
Áður kr. ~~69.890~~

20% AFSLÁTTUR
KJÖRIÐ Í BÚSTAÐINN
Imex CT1053 Wc án setu
10.792
Áður kr. ~~13.490~~

Ceravid Bathline Classic baðkar 170x75cm
Einnig til sem hornbaðkar
30% AFSLÁTTUR
12.523
Áður kr. ~~17.890~~

20% AFSLÁTTUR

OULIN

Oulin Stálvaskur F301A
1 hólf 50x45cm 1,2mm
15.112
Áður kr. ~~18.890~~

25% AFSLÁTTUR
Pilozzo Skolvaskur Plast
6.443
Áður kr. ~~8.590~~

Wisa Star hæglokandi klósettseta
6.783
Áður kr. ~~7.980~~
15% AFSLÁTTUR

1.568
Áður kr. ~~2.090~~

25% AFSLÁTTUR
Oulin Florens eldhústæki
8.168
Áður kr. ~~10.890~~

25% AFSLÁTTUR
**Guoren** 4F Hitastýrt baðtæki Exclusive
Málm handföng. Rósettur og hjámiðjur fylgja.
14.243
Áður kr. ~~18.990~~

20% AFSLÁTTUR
BOZZ- LH2202-3
Hitastýrt sturtutæki með uppstút (rósettur fylgja)
7.112
Áður kr. ~~8.890~~

30% AFSLÁTTUR
Bidalux BWR sturtusett
6.923
Áður kr. ~~9.890~~

30% AFSLÁTTUR
BOZZ-SH2101-1
Bað og sturtusett með hitastýrðu tæki
20.923
(rósettur fylgja)
Áður kr. ~~29.890~~

25% AFSLÁTTUR
BOZZ SH2205-3
Sturtusett m/hitastýrðu tæki
18.668
(rósettur fylgja)
Áður kr. ~~24.890~~

5 lítrar
1.343
Áður kr. ~~1.790~~
25% AFSLÁTTUR

25% AFSLÁTTUR
2.243
Áður kr. ~~2.990~~

25% AFSLÁTTUR
Ceravid Handlaugar sett 45cm með blöndunartæki
11.918
Áður kr. ~~15.890~~

EN 1111:1997

# SUMARSALA
## enn á fullu!

Made by Lavor



25% AFSLÁTTUR

**Lavor Race háþrýstidæla**
125 Max bar
1800KW 400 L / klst.
**Áður kr. ~~23.390~~**
**17.542**

INDUCTION MOTOR POWERED

34% AFSLÁTTUR

**Lavor Vertico 20 háþrýstidæla**
140bör 400 L / klst.
20100 KW
**19.793**
**Áður kr. ~~29.990~~**







20% AFSLÁTTUR

Lavor CF20
ryk/vatnssuga 1400W 20lítra
**9.992**
**Áður kr. ~~12.490~~**

20% AFSLÁTTUR



Drive Pro ZD90A
ryk/blautsuga 1400W 20lítra
**10.792**
**Áður kr. ~~13.490~~**




30% AFSLÁTTUR

**8.740**
**Áður kr. ~~12.490~~**

**Lavor One Plus 130 háþrýstidæla**
130 Max bar
420min L / klst.
Fylgihlutir: Burstar, sápubrúsi & Turbóstútur.



Spandy 1200W Cyclone
heimilsryksuga, pokalaus
**4.835**
**Áður kr. ~~8.790~~**

45% AFSLÁTTUR

25% AFSLÁTTUR




Lavor Pro Rudy 1200S
ryk/blautsuga 1200W 20 lítra
**6.675**
**Áður kr. ~~8.900~~**

20% AFSLÁTTUR

**Mesto** 3565P
Ferrox Plus 6 lítra
Fyrir byggingariðnað
(einnig til 10 lítra)
**18.384**
**Áður kr. ~~22.980~~**




25% AFSLÁTTUR




Lavor Pro SILENT ryksuga
800W - 12lítra
**14.918**
**Áður kr. ~~19.890~~**

ÍTÖLSK GÆÐI

Soteco Base XP 315 1300W
Iðnaðarryksuga, létt og öflug
**24.293**
**Áður kr. ~~32.390~~**



25% AFSLÁTTUR






25% AFSLÁTTUR

**Steypugljái á stéttina – þessi sem endist**




DEKA SÍLAN
vatnsfæla 5 lítrar
**4.485**
**Áður kr. ~~5.980~~**

1 lítri
**1.185**
**Áður kr. ~~1.580~~**

25% AFSLÁTTUR

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

**MÚRBÚÐIN**
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

Gildistími tilboða er til 19/8/2017 á meðan birgðir endast.

# Afleikur



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Um eitt hundrað og þrjátíu stöður eru lausar í leikskólum Reykjavíkur nú í ágústbyrjun, þegar starf í leikskólunum er um það bil að hefjast. Og þetta er bara í Reykjavík. Gera má ráð fyrir að staðan sé svipuð í mörgum öðrum sveitarfélögum.

Þetta er afleit staða, en því miður ekki ný af nálinni. Leikskólakennarar vinna erfitt og mikilvægt starf, en fá ekki umbun í samræmi við það.

Meirihluti borgarráðs ætlar að lækka leikskólagjöld um tvö hundruð milljónir króna á ári. Eðlilegt er að velta fyrir sér hvaða forsendur liggi að baki við ríkjandi aðstæður, þegar fólk fæst ekki til starfa.

Svona ákvörðun er líkleg til vinsælda. Hvaða foreldri vill ekki greiða lægri leikskólagjöld? Hins vegar virðist vera einhugur um að aðstæður í leikskólum landsins mættu vera betri. Bent hefur verið á að viðhaldi leikskóla og leikskólalóða sé ábótavant, aðstæður starfsmanna ófullnægjandi og litlir peningar til kaupa á góðum mat fyrir börnin. Við þetta má svo bæta að laun leikskólakennara eru skammarlega lág.

Í þessu ljósi er óábyrgt hjá borgarstjórninni að skerða fjárveitingar til leikskóla borgarinnar.

Tekjuskerðing leikskólanna kallar á sparnað þar sem ekkert er að spara. Leikskólarnir eru löngu komnir að sársaukamörkum.

Aðstaða barna og starfsfólks verður að vera fullnægjandi. Nú þarf að gera metnaðarfulla áætlun, sem tryggir viðunandi þjónustu. Til þess þarf meiri peninga. Nú, þegar vel árar, á að hugsa stórt og bæta fyrir niðurskurð mögru áranna, sem eru að baki.

Í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld var talað við leikskólastjóra sem vantar níu starfsmenn, þriðjung starfsmannanna sem þarf til sinna börnunum svo vel sé. Hún sagði stöðuna aldrei hafa verið jafn slæma og nú í þau 30 ár, sem hún hefur starfað í leikskóla. Til að bregðast við vandanum þarf hún að loka heilli deild sem ætti undir venjulegum kringumstæðum að taka á móti 20 börnum.

Er þetta virkilega rétti tíminn til að lækka leikskólagjöldin? Vafalaust styðja flestir foreldrar sem eiga börn á leikskólaaldri sjálfsagðar kröfur leikskólakennara um mannsæmandi laun og aðbúnað. Í því felst mótsögn að á sama tíma skuli gjöldin lækkuð til muna og jafnvel tekið undir kröfur um að þau verði afnumin með öllu.

Í fljótu bragði virðast vera tveir möguleikar fyrir borgaryfirvöld til að beina auknu fé í leikskólana. Sá fyrri er að afnema fyrirhugaða lækkun skólagjalda og hækka þau jafnvel, sem ef til vill er ekki vinsælt með það í huga að stutt er til borgarstjórnarkosninga. Sá síðari er að veita meiri peninga úr almennum sjóðum borgarinnar í leikskólastarfið.

Þá stendur valið milli þess að þeir greiði fyrir þjónustuna sem nota hana, eða að peningar séu færðir úr samneyslunni. Fyrir hvoru tveggja má færa rök.

Niðurskurður er afleikur.

**Eðlilegt er að velta fyrir sér hvaða forsendur liggi að baki við ríkjandi aðstæður, þegar fólk fæst ekki til starfa.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Bannæði**

**Sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun sagði í samtali við Vísi í gær að hin umdeildu Nespresso-kaffihylki væru sérstaklega erfið í endurvinnslu þar sem fólk flokki þau ekki frá venjulegu rusli. Vissulega er mikið til í þeim orðum. Fyrst Bónus hefur tekið hylkin í sölu er vel þess virði að auðvelda fólki að skella þeim í endurvinnslu.**

**Hins vegar heyrast alltaf raddir héðan og þaðan um að það eigi að banna svona vörur. Banna plastflöskur, banna plastpoka, banna kaffihylki. Slíkt bannæði er að mati pistlahöfundar gróft frávik frá tilgangi ríkisins. Ef fólk vill ekki kaupa kaffihylki á það ekki að kaupa þau, ef fólk verður að kaupa kaffihylki á það að láta endurvinna þau. Einfaldara verður það ekki.**

**#Röðin**

**Nú þegar styttist í að H&M verði opnuð hér á landi bíða blaðamenn, sveittir af tilhlökkun, eftir því að fá að skrifa fréttir um langar biðraðir, viðbrögð keppinauta og ekki síst um að Íslendingar hafi klárað lagerinn á mettíma.**

**En nú þegar bestu vinir Íslendinga streyma til landsins í röðum, til að mynda Costco, H&M og Dunkin' Donuts, er vert að spyrja hvað sé eftir. Það er að segja annað en McDonald's.** thorgnyr@frettabladid.is

# Ef það er bilað, lagaðu það!



Jóna Sólveig Elínardóttir, varaformaður Viðreisnar.

Flestir stjórnmálamenn leggja mikla áherslu á góða hagstjórn, enda kjörnir til þess að stýra landinu af ábyrgð. Það sama gilti um íslenska stjórnmálamenn síðustu áratuga. Þeir reyndu sitt besta og jafnvel þótt þeir hafi ekki verið í sama stjórnmálaflokki og ég, þá ætla ég þeim ekki annað en að hafa sinnt hagstjórn landsins af heilindum. En þrátt fyrir góðan vilja sýnir sagan okkur að þeim hefur aldrei tekist að stýra peningamálum þjóðarinnar svo vel sé og stuðla að heilbrigðu efnahagslífi til langframa. Þeir hafa aldrei náð að beisla ótemjuna: Krónuna.

Síendurteknar gengisfellingar með tilheyrandi kjaraskerðingum fyrir almenning, ófgakenndar gengissveiflur, óðaverðbólga, kreppur og hrun, allt hefur þetta komið sér skelfilega fyrir launafólk í landinu. Í dag þurfa þeir sem vilja fjárfesta í húsnæði að borga heilli milljón meira á ársgrundvelli af 20 milljóna króna láni en frændur okkar Danir, vegna hárra vaxta. Útflutnings- og nýsköpunarfyrirtækjum er lífsins ómögulegt að gera áætlanir vegna gengissveiflna. Krónan hefur alltaf reynst dýrkeypt.

Þessar síendurteknu kjaraskerðingar sem almenningur hefur tekið á sig síðustu áratugi af völdum íslensku krónunnar segja okkur það eitt að krónan er gallagripur sem þjónar engum, eða a.m.k. mjög fáum. Hún þjónar ekki heimilunum, ekki landbúnaðinum, sjávarútveginum, ferðaþjónustunni eða nýsköpunarfyrirtækjunum okkar, né íslenska ríkinu. Háir vextir þjóna einungis fjármagnseigendum og sveiflurnar sem krónan veldur eru slæmar fyrir alla.

Það hlýtur því að vera meginverkefni stjórnmálanna í dag að boða lausnir á krónuvandanum, öllum til hagsbóta. Viðreisn boðar framtíðarsýn í peningamálum til skemmri og lengri tíma sem miðar að því að lækka vexti.

Til skemmri tíma tölum við fyrir bindingu krónunnar við annan gjaldmiðil, svokallöllaðu myntráði, til að skapa nauðsynlegan stöðugleika til að geta lækkað vexti. Til langframa talar Viðreisn fyrir upptöku evru, sem er samkvæmt skýrslu Seðlabanka Íslands frá 2012 raunhæfasti kostinn í gjaldmiðlamálum Íslands fyrir utan myntráð og krónu.

Núverandi velmegun hefur náðst þrátt fyrir íslensku krónuna en væri meiri án hennar. Íslendingar eiga betra skilið. Nú er tíminn fyrir breytingar!

**Það hlýtur því að vera meginverkefni stjórnmálanna í dag að boða lausnir á krónuvandanum, öllum til hagsbóta.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Stjórnmál og lygar: Taka tvö

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason

Fyrir viku lýsti ég því á þessum stað hvernig lygar geta kallað yfir menn fangelsisdóma í Bandaríkjunum. Þetta á ekki bara við um meinsæri fyrir rétti, heldur einnig um ósannindi í vitnaleiðslum saksóknara og þingnefnda. Lygin er höfð refsiverð þar eð hún getur hindrað framgang réttvísinnar. Á Bretlandi eru viðurlög við lygum vægari og einnig hér heima. Alþingi setti þingmönnum ekki siðareglur fyrr en í fyrra, 2016. Ólafur Ragnar Grímsson, þá forseti Íslands, sinnti í engu tilmælum forsætisráðherra um að setja forsetaembættinu siðareglur eftir að Rannsóknarnefnd Alþingis (8. bindi, bls. 170-178) fór hörðum orðum um framgöngu forsetans í aðdraganda hrunsins. Forsetinn bar því við að forsætisráðherra hefur ekki boðvald yfir forsetanum. Forsetinn hegðaði sér eins og óstýrilátur unglingur sem neitar að taka til í herberginu sínu og beitir lagarökum, líkt og lög trompi góða siði.

**Meiri hluti var til staðar á Alþingi**

Málflutningur sumra þeirra sem halda áfram að standa í vegi fyrir staðfestingu nýju stjórnarskrárinnar sem ⅔ hlutar kjósenda lýstu sig fylgjandi í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 markast af ósannindum.

Ein lygin er að Alþingi hafi ekki getað staðfest nýju stjórnarskrána vorið 2013 þar eð ekki hafi verið meiri hluti fyrir staðfestingu á Alþingi. Þetta er ósatt. Fyrir lá skrifleg staðfesting 32ja þingmanna um að þeir vildu staðfesta stjórnarskrána fyrir þinglok vorið 2013. Meðal þeirra sem ekki fengust til að lýsa yfir stuðningi við staðfestingu voru þrír þingmenn sem höfðu þó greitt atkvæði með því að bjóða til þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá, þ. á m. þv. formaður Samfylkingarinnar og forseti Alþingis í sama flokki, flokknum sem hafði haft forustu um stjórnarskrármálið á Alþingi frá hruni. Því mátti ljóst vera að staðfesting stjórnarskrárinnar hefði hlotið a.m.k. 32 atkvæði á Alþingi. Sennilega hefði um helmingur minni hlutans setið hjá við atkvæðagreiðsluna eða látið sig vanta líkt og gerzt hafði við aðrar atkvæðagreiðslur um málið í þinginu. Aðeins 15 þingmenn greiddu atkvæði gegn því að halda þjóðaratkvæðagreiðsluna 20. október 2012. Staðfestingin vorið 2013 strandaði á því að forseti Alþingis braut þingsköp með því að láta ekki greiða atkvæði um málið. Hún var síðan sett yfir siðanefnd Alþingis eins og til að bíta höfuðið af skömminni.

Önnur lygi er að breytingar á stjórnarskrá verði að fara fram í „víðtækri og varanlegri sátt“ eins og forseti Íslands hélt fram í nýársávarpi sínu 2013 röskum tveim mánuðum eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna. Fullyrðing forsetans fv. er röng. Í fyrsta lagi stangast hún á við sögu stjórnarskrárbreytinga hér heima. Veigamestu breytingarnar voru gerðar 1942 og 1959 þegar misvægi atkvæðisréttar eftir búsetu hafði keyrt um þverbak. Jöfnun atkvæðisréttar mætti svo harðri andstöðu Framsóknarflokksins að framsóknarmenn og sjálfstæðismenn á þingi töluðust varla við lengi eftir átökin og gátu ekki aftur unnið saman í ríkisstjórn fyrr en fimm til 15 árum síðar, 1947 og 1974. Enn ein stjórnarskrárnefnd Alþingis 2013-2016 náði engum árangri vegna ágreinings enda fengust tillögur hennar ekki einu sinni ræddar í þinginu.

Í annan stað stangast fullyrðing forsetans fv. einnig á við þá sögulegu staðreynd að nýjar stjórnarskrár úti um heim verða nær ævinlega til í kjölfar áfalla (hruns, sjálfstæðistöku, styrjaldar o.s.frv.) og kosta hörð átök. Nær allar stjórnarskrár heimsins mættu harðri andstöðu, einnig þær sem bezt hafa reynzt eins og t.d. stjórnarskrá Bandaríkjanna frá 1787 og Þýzkalands frá 1949. Þetta stafar af því að stjórnarskrám er öðrum þræði ætlað að reisa girðingar til að vernda almannahag gegn sérhagsmunum og gegn ofríki valdhafa. Krafa um víðtæka og varanlega (!) sátt milli stjórnmálaflokka um stjórnarskrá sem þegar hefur hlotið stuðning 67% kjósenda í þjóðaratkvæði er beinlínis ögrun við lýðræði, ósvífinn fyrirsláttur.

**Tæknilegur ágreiningur? Nei**

Ein lygin enn – og hún er sýnu alvarlegust – er að andstaðan gegn staðfestingu stjórnarskrárinnar stafi af tæknilegum ágreiningi um ýmis ákvæði eins og það sé leyfilegt í lýðræðisríki að ógilda þjóðaratkvæðagreiðslu eftir á. Þeir sem áskilja sér rétt til að hafa úrslit þjóðaratkvæðis að engu sýna lýðræðinu lítilsvirðingu. Forsetinn fv. setti fyrir sig í ræðu sinni fáein ákvæði um stjórnskipunina, ákvæði sem Alþingi hafði engar athugasemdir gert við eftir meira en heils árs yfirlegu. Alþingi sá því með réttu enga ástæðu til að spyrja kjósendur um þessi stjórnskipunarákvæði í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.

Andstaðan við nýju stjórnarskrána stafar að langmestu leyti af andstöðu útvegsmanna og erindreka þeirra við ákvæðið um auðlindir í þjóðareigu og um fullt gjald, þ.e. markaðsgjald, fyrir réttinn til að nýta auðlindirnar. Þetta er þó aldrei sagt berum orðum enda hlaut auðlindaákvæðið stuðning 83% kjósenda 2012. Allt þrefið um önnur ákvæði, þref sem hófst ekki fyrr en eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna, er einber fyrirsláttur af hálfu þeirra sem virðast vilja leggja heilbrigðiskerfið og aðra almannaþjónustu í rúst svo þeir sjálfir geti haldið áfram að hirða 90% af sjávarrentunni frekar en að fólkið í landinu öðlist stjórnarskrárvarinn rétt til að ráðstafa arðinum af eignum sínum.

Landsmenn hafa samið sér nýja stjórnarskrá og lýst eindregnum stuðningi við hana í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þref stjórnmálaflokka á Alþingi um málið er þinginu ósamboðið og getur ekki komið í veg fyrir að nýja stjórnarskráin öðlist gildi, ekki meðan Ísland er lýðræðisríki.






KRÓNAN
Krónan mælir með!
899 kr. kg.
Glæný græn vínber, USA
Best núna!
899 kr. kg.
Glæný rauð vínber, USA
Tilboðin gilda til 13. ágúst. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

**Ódýrt**




**99** kr. stk.

Taco Spice mix 40 g




**199** kr. pk.

Banderos 6 vefjur 370 g - 25 cm

Banderos 8 vefjur 320g - 20 cm

**Ódýrt**




**199** kr. stk.

Banderos Salsa, 300 g




**149** kr. stk.

Banderos Taco Sauce, 230 g




**Heitt og klárt**




Heill grillaður kjúklingur og
2 lítrar af Coca-Cola eða Topp

**1599** kr. pk.

Tilboðin gilda til 13. ágúst. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

## Ferskt íslenskt Grísakjöt BOOOM!

-20%

**699** kr. kg

Grísahakk

Verð áður ~~899~~ kr. kg

-20%

**659** kr. kg

Grísabógur

Verð áður ~~929~~ kr. kg

-30%

**789** kr. kg

Grísa Spare Ribs

Verð áður ~~1139~~ kr. kg

-25%

Gott verð!

**1299** kr. kg

Grísahnakki úrbeinaður, sneiðar

Verð áður ~~1549~~ kr. kg

**369** kr. kg

Grísaskankar

Verð áður ~~499~~ kr. kg

Tilboðin gilda til 13. ágúst. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN




**1199** kr. kg
Marineraðar grísakótilettur
**Verð áður ~~1599~~ kr. kg**




**1049** kr. kg
Grísakótilettur
**Verð áður ~~1399~~ kr. kg**




**1189** kr. kg
Grísagúllas og grísasnitsel
**Verð áður ~~1699~~ kr. kg**




**989** kr. kg
Grísasíður í sneiðum, Spánn
**Verð áður ~~1099~~ kr. kg**

Tilboðin gilda til 13. ágúst. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is




Af hverju krosslímt tré?

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabrýr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftaþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi

IDEX
Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700
idex@idex.is - www.idex.is

Byggðu til framtíðar
með lausnum frá IDEX

RAFMAGNSREIÐHJÓL



MIKIÐ ÚRVAL AF RAFMAGNS-REIÐHJÓLUM

Apollo BigBoy
Li-ion rafhlaða
350w motor
26" gjarðir
Drægni 40-60 km.
Shimano gírar
Kenda dekk

229.900,-

Apollo

NITRO
Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi
Sími 557 4848 / www.nitro.is




Bros auglýsingavörur með þínu merki

Skoðaðu litríkt úrval á bros.is

Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.

BROS
AUGLÝSINGAVÖRUR
– með þínu merki

L-Mesitran

Náttúruleg sáragræðsla með hunangi

Hunangsplástur og sárakrem með hunangi. Hentar á allar tegundir sára. Plásturinn hentar vel á lítil yfirborðssár.
Nauðsynlegur á sára hæla eftir göngur.




- Fæst í apótekum -

Williams & Halls
www.wh.is


# Kindakjötsframleiðsla á villigötum



Þórólfur Matthíasson
prófessor í hagfræði



Árið 1997 voru framleidd 7.900 tonn af kindakjöti á Íslandi. Þar af fóru 6.600 tonn til innlendrar neyslu en tæplega 1.100 tonn voru flutt út. Birgðir jukust um 200 tonn það árið. Árið 2016 var framleiðslan 10.400 tonn, salan um 6.800 tonn, útflutningurinn um 2.800 tonn. Sé litið á þróunina ár fyrir ár má greina að framleiðslan eykst jafnt og þétt um tæplega 1,5% á ári (árið 2000 er undantekning vegna mikillar slátrunar fullorðins fjár í kjölfar uppkaupa greiðslumarks). Innanlandsneyslan helst í stórum dráttum óbreytt frá 1997 og fram að hruni, þegar hún minnkar um 1.200 til 1.400 tonn og eykst svo aftur á síðustu árum upp að fyrra marki. Útflutningur sveiflaðist milli 1.000 og 2.000 tonna árin 1997 til 2007 en stóreykst þegar raungengi íslensku krónunnar lækkaði eftir hrun, fer hæst í um 3.600 tonn árið 2010 en var um 2.800 tonn árið 2016.

Það er því búið að liggja lengi fyrir að innlendi markaðurinn tekur mest við um 6.500 til 7.000 tonnum af kindakjöti. Jafnframt liggur fyrir að kindakjötsneysla á íbúa á Íslandi er meira en tíu sinnum meiri en meðaltal OECD-landa og meira en tvöfalt meiri en í þeim löndum sem næst koma (Ástralía, Nýja-Sjáland). Innanlandsneysla mun fyrirsjáanlega minnka þegar til lengri tíma er litið. Þrátt fyrir það hafa stjórnvöld og forystumenn bænda komið upp kerfi sem hvetur bændur til að auka framleiðsluna um 1,5% á ári. Það kann að þykja gleðiefni að sölumönnum bænda hefur tekist allt að því að prefalda útflutning kindakjöts séu árin eftir hrun borin saman við árin fyrir hrun. Allt tal um hrun útflutnings kindakjöts er því út í hött. Hitt er svo annað mál að útflutningur hefur líklega ekki verið samkeppnishæfur við innlenda markaðinn nema rétt á meðan raungengi íslensku krónunnar var hvað lægst rétt eftir hrun. Til að bæta gráu ofan á svart þá greiðir heimsmarkaðurinn ekki nægjanlega hátt verð til að standa undir framleiðslu- og vinnslukostnaði kjötsins. Allur útflutningur lambakjöts felur því í sér þjóðhagslegan kostnað fyrir íslenska þjóðarbúið.

**Aukin eftirspurn eftir vinnuafli í ferðaþjónustu vítt um land ætti einnig að gera samdrátt kindakjötsframleiðslu auðveldari nú en fyrr á tíð.**

Bændaforystan og stjórnvöld virðast hafa byggt stefnumörkun gagnvart sauðfjárræktinni á að útflutningur yrði ávallt jafn arðbær og árin eftir hrun. Sú forsenda var umdeilanleg á sínum tíma. Nú er komið í ljós að hún stenst engan veginn. Það veðmál sem bændaforystan og stjórnvöld tóku fyrir hönd sauðfjárbænda gekk ekki upp. Fyrir liggur að draga þarf strax úr framleiðslu sem nemur 3.000 til 4.000 tonnum árlega. Þetta svarar til ríflega þriðjungs framleiðslunnar.

Sú breyting sem gera þarf á sauðfjárframleiðslunni verður ekki sársaukalaus. En þannig vill til að stjórnvöld styðja greinina nú um 5 milljarða króna árlega. Þessu fé má verja til að milda áfallið gagnvart einstökum framleiðendum. Til dæmis væri hægt næstu 2-3 árin að lækka beingreiðslur og nota fjármunina frekar til að greiða sérstaka uppbót á innlagt ærkjöt til að hvetja einstaka framleiðendur til að minnka bústofn sinn. Aukin eftirspurn eftir vinnuafli í ferðaþjónustu vítt um land ætti einnig að gera samdrátt kindakjötsframleiðslu auðveldari nú en fyrr á tíð.

Nú ætti að vera fullreynt að sparka vanda sauðfjárframleiðslunnar í fang ríkis eða útflutnings. Þær leiðir eru lokaðar og tími til að sauðfjárbændur og bændaforysta horfist í augu við staðreyndir og lagi framleiðslu sína að þeim.

# Arðgreiðslur af veiði dreifast um byggðir landsins



Árni Pétur Hilmarsson
leiðsögumaður, veiðiréttarhafi, landeigandi, sveitarstjórnarmaður og grunnskólakennari

Einar K. Guðfinnsson, sá ágæti maður, skrifar grein í Fréttablaðið í vikunni sem kannski mætti hafa gaman af ef ekki lægi svo mikið undir. Aðallega er hann að ræða í gífuryrðum um meint gífuryrði annarra án þess að leggja fram nokkur rök en er samt ofandottinn af meintu rökfærsluleysi þeirra er hann ritar gegn. Það eina sem er hans haldreipi er „mat“ Hafrannsóknastofnunar, stofnunar sem ekki hafði hugmynd um að 160 þúsund laxaseiðum var sleppt úr sjókví í Tálknafirði og ollu erfðamengun í nærliggjandi á. Ekkert kemur fram í greininni hvernig þetta „mat“ Hafrannsóknastofnunar var unnið.

Nú er það svo að ég er ekki sérfræðingur á sviði laxeldis (frekar en Einar K.) en ég veit samt að ég er hræddur!

Ég er hræddur um hvaða áhrif laxeldi hefur á þau hundruð áa sem á Íslandi renna.

Ég veit að reynsla annarra þjóða af laxeldi er slæm hvað varðar umhverfismengun, sjúkdóma, slysasleppingar og erfðablöndun.

Ég veit að á Íslandi eigum við eitthvað sem er algerlega einstakt í heiminum, sem eru fiskistofnarnir okkar.

Ég veit að samkvæmt lögum ber okkur að vernda þær dýrategundir sem eru á Íslandi og teljast íslenskar fyrir framandi tegundum.

Ég veit að fáar greinar dreifa arði út um byggðir landsins jafn vel og silungs- og laxveiði, því yfir 1.500 fjölskyldur í sveitum landsins njóta arðgreiðslna af veiði.

Ég veit að á Íslandi eru tugir þúsunda manna sem leggja stund á stangveiði og hafa ánægju af.

Ég veit að laxar geta auðveldlega ferðast hundruð og jafnvel þúsundir kílómetra. Það gera eldislaxar líka. Því eru allar ár á Íslandi í áhættuhópi fyrir þeim vágestum sem eldisfiskar eru.

**Nú er það svo að ég er ekki sérfræðingur á sviði laxeldis (frekar en Einar K.) en ég veit samt að ég er hræddur!**

Ég veit að ef menn gætu ferðast aftur í tímann myndu þeir ekki fara í minkaeldi á Íslandi. Samt átti minkurinn ekki að sleppa og áhættan átti að vera lítil og tæknin vaxandi og góð.

Ég veit að í tugum sveita landið um kring er mikil atvinnustarfsemi í kringum stangveiði sem skiptir heimamenn miklu máli.

Ég er hlynntur fjölbreyttri atvinnustarfsemi á landsbyggðinni en tel að menn þurfi að stíga varlega til jarðar. Við megum ekki vinna tjón sem ekki verður aftur tekið. Náttúra Íslands og lífríki er á ábyrgð okkar allra.

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 10. ÁGÚST 2017




# Myndasöguhetjan Bruce á bol

Bolir með teiknimyndahetjunni Bruce the Angry Bear komu á markað í vikunni en myndskreytingin byggir á samnefndri teiknimyndasögu sem birtist vikulega á vefsíðunni GayIceland. →2

Bruce the Angry Bear og kærasti hans, Spencer, eru í aðalhlutverkum í teiknimyndasögunni, sem er full af háðsglósum og svörtum húmor. MYND/LAUFEY ELÍASDÓTTIR



**Trausti Þór Þorsteinsson hannar töskur úr gömlum bílbeltum. Á teikniborðinu eru margar útfærslur af töskum.**

tíska →4



GÖTUMARKAÐUR

*Allt að 70% afsláttur!*

comma,

SMÁRALIND




Þeir Bruce og Spencer reka veitingastað í Gaykjavík sem er eins konar hinsegin hliðarveruleiki Reykjavíkur.

Vera Einarsdóttir
vera@365.is



**Framhald af forsíðu**

Teiknimyndasagan Bruce the Angry Bear fór fyrst í loftið á vefsíðunni GayIceland.is í lok síðasta árs og hefur þegar tryggt sér dyggan aðdáendahóp. Sagan er eftir þá Jonathan Duffy og Einar V. Másson og fjallar um Bruce sem er viðskotaill bangsatýpa og kærastann hans, Spencer, sem er öllu viðkvæmnislegri og hófstilltari. Þeir reka veitingastað í Gaykjavík, sem er eins konar hinsegin hliðarveruleiki Reykjavíkur, og lenda þar í ýmsum skrautlegum ævintýrum.

Jonathan, sem er kvikmyndagerðarmaður og uppistandari, hafði lengi gengið með hugmyndina að Bruce í maganum en hann tók ekki á sig endanlega mynd fyrr en hann kynntist teiknaranum Einari Mássyni.

Hann segir hugmyndina hafa kviknað þegar hann var að kynna heimildarmyndina sína The Doctors Wife árið 2011. Hún var sýnd á hinum ýmsu kvikmyndahátíðum samkynhneigðra og oftar en ekki var henni stillt upp á undan myndinni Bear City. „Ég var bæði með lengri og styttri útgáfu af myndinni og það kom ósjaldan fyrir að styttri útgáfan var auglýst en sú lengri sýnd, sem þýddi að dagskráin riðlaðist. Við það töfðust sýningarnar á Bear City sem leiddi til þess að ég varð nokkrum sinnum var við mjög reiðar bangsatýpur sem biðu óþreyjufullar fyrir utan kvikmyndahúsið eftir sinni mynd og hefðu örugglega viljað henda „twink-i“ eða unghomma eins og mér út í buskann. Þá hugsaði ég með mér að það gæti nú verið fyndið að skapa söguhetju byggða á bangsatýpu sem gengur um með bastkörfu og kastar unghommum í mann og annan og hef notað hana í uppistöndum síðan,“ útskýrir Jonathan.

Hann flutti til Íslands fyrir tveimur árum og vinnur mikið með Hugleiki Dagssyni. „Ég viðraði hugmyndina að Bruce við Hugleik og hann hvatti mig eindregið til að finna teiknara. Þegar ég var að halda fyrirlestur á TEDx Reykjavík í fyrra varð Einar á vegi mínum. Hann var að teikna skopmyndir af fyrirlesurunum og mér leist strax vel á það sem hann var að gera. Ég bað hann um að setjast með mér niður í kaffi og þar sem ég sat og sagði honum frá Bruce teiknaði hann tillögu og spurði: Er þetta hann? Hann hitti naglann beint á höfuðið og á þessum fyrsta fundi varð karakterinn til.“




Jonathan Duffy og Einar Valur Másson í nýju bolunum en myndskreytingin byggir á Bruce the Angry Bear, fyrstu hinsegin teiknimyndasögunni sem íslenskur fjölmiðill birtir. Bolirnir verða til sölu í kringum Hinsegin daga.

> **Áletrunin lýsir Bruce mjög vel. Honum er nákvæmlega sama um álit annarra og þó hann sé oft hryssingslegur er það eitthvað sem við flest hefðum gott af því að tileinka okkur í meira mæli.**
>
> Jonathan Duffy

Þeir Jonathan og Einar gerðu nokkrar teiknimyndaræmur og kynntu fyrir ritstjóra GayIceland sem tók vel í að birta þær á síðunni. Þær fóru í loftið í lok desember 2016 og birtist ný ræma á hverjum fimmtudegi. Þær birtast sömuleiðis í einu vinsælasta hinsegin ferðatímariti í Danmörku, Out & about, en ritstjórn þess féll fyrir sögunni og fékk sérstakt leyfi höfundanna og GayIceland fyrir birtingunni.

Sagan á að sögn þeirra Einars og Jonathans þegar dygga aðdáendur og hafa þeir verið spurðir hvort ekki sé von á bók og öðru tilheyrandi. „Sögum og kvikmyndum fylgja oft hinir ýmsu munir enda vilja aðdáendur gjarnan safna einhverju áþreifanlegu. Þess vegna kom upp sú hugmynd að framleiða bol, sem er eitthvað sem við vissum að bæði aðdáendur Bruce og myndasagna almennt kynnu að meta,“ segir Jonathan en bolinn prýðir dæmigerð mynd af Bruce með áletruninni „I don't have feelings I eat them.“ „Hún lýsir Bruce mjög vel. Honum er nákvæmlega sama um álit annarra og þó hann sé oft hryssingslegur er það eitthvað sem við flest hefðum gott af að tileinka okkur í meiri mæli.“

Aðspurður segir Jonathan að sig langi til að gera ýmislegt fleira með karakterinn. „Draumurinn er að gera teiknimynd en hann er enn þá fjarlægur.“

Bruce-bolirnir verða til sölu í Kaupfélagi Hinsegin daga, í húsnæði Samtakanna '78 að Suðurgötu 3, dagana 8. til 13. ágúst. Hluti ágóðans rennur í Pride-sjóðinn.





Nýjar haustvörur frá
n secret
Stærðir 38-58
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Nýjar vörur



Blúndubolir
kr. 5.990.-
Str. S-XXL
Litir: svart,blátt

Túnika
kr. 11.900.-
Str. S-4XL

Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030


**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433




# ARMANI KYNNING

## Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI
## FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS




**Nýtt Sí Rose Signature** klætt Sí innsigli á satínborða sem er uppáhaldsefni Hr. Armani.

Ilmurinn skartar tveimur dýrmætustu rósum ilmvatnsheimsins, Centifolis og Damascena rósunum.

Sí Rose Signature er óður til blóma og kvennleika.

Glæsilegt GIORGIO ARMANI handklæði
er kaupaukinn þinn þegar þú kaupir
GA vörur fyrir 8.500 kr. eða meira.

**20% AFSLÁTTUR AF ARMANI Á KYNNINGUNNI**

# Hannar úr gömlum bílbeltum

## Trausti Þór Þorsteinsson hannar töskur úr gömlum bílbeltum. Hann segir bílbeltin óþrjótandi uppsprettu efniviðar. Á teikniborðinu eru mjög margar útfærslur og hugmyndir að töskum.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Hugmyndin varð til fyrir rúmu ári í frumkvöðlafræði sem þá var nýbyrjað að kenna í MH. Ég var í fimm manna hópi sem átti að skapa fyrirtæki, búa til viðskipta- og markaðsáætlun og hanna vöru sem kynna átti almenningi. Við í hópnum þekktumst ekkert fyrir og því heilmikil áskorun að stofna fyrirtæki saman. Við vorum samt öll sammála um að gera eitthvað umhverfisvænt,“ segir Trausti Þór Þorsteinsson, en hann hannar og framleiðir töskur úr gömlum bílbeltum undir heitinu Blámáni.

> Hönnuninni eru engin takmörk sett og ég er að vinna að fleiri útgáfum, meðal annars að lítilli handtösku eða veski. Ég er einnig með hugmynd að bakpoka sem ég er að útfæra.



Trausti Þór Þorsteinsson fléttar töskur úr bílbeltum sem annars yrði fargað. Hann fléttar bílbeltin saman og lætur sauma fóður inn í töskurnar. Hann stefnir á nám í viðskiptafræði þegar hann lýkur MH. MYND/LAUFEY ELÍASDÓTTIR

„Þetta var ekki fyrsta hugmyndin sem hópurinn fékk en við vorum að skoða leiðir til að nýta efni sem væri verið að henda í miklu magni og rákumst á frétt um mikla aukningu í förgun á bílum. Við kveiktum á því hversu miklu af bílbeltum væri þá verið að farga og ákváðum að nýta þau. Eftir að áfanganum lauk héldum við áfram þrjú með hugmyndina en nú er ég einn með þetta. Ég er að byggja upp línuna og eins og er er ég að gera þetta allt úr eigin vasa,“ segir Trausti.

Trausti fléttar bílbeltin saman og lætur sauma fóður innan í töskurnar. Upphaflega hafi töskurnar verið ætlaðar undir tölvur en hann sé með fleiri hugmyndir á teikniborðinu.

„Útlitið á töskunum er enn þá svipað og það var í upphafi. Hönnuninni eru þó engin takmörk sett og ég er að vinna að fleiri útgáfum, meðal annars að lítilli handtösku eða veski. Ég er einnig með hugmynd að bakpoka sem ég er að útfæra,“ segir Trausti. Bílbeltin séu einnig óþrjótandi uppspretta efniviðar.

„Það falla til tugir þúsunda af beltum á ári. Þau eru ekki öll nothæf auðvitað en ég reyni að verða mér úti um eins mikið og ég get, þvæ þau, klippi niður og flétta saman. Beltin í töskunum eru í toppstandi, enda gerð til þess að endast nánast að eilífu,“ segir Trausti. Hann hafi til að byrja með séð sjálfur um að losa beltin úr bílunum en nú sjái starfsmenn Vöku um það fyrir hann.

„Bílapartarnir eru oft í haugum sem óskynsamlegt er að brölta mikið í og framkvæmdastjórinn hjá Vöku bað mig vinsamlegast að vera ekkert að því,“ segir Trausti hlæjandi. „Starfsmenn sjá núna um að klippa beltin meðan þeir eru að parta bílana. En ef ég sé einstök belti hef ég ekki staðist freistinguna að klippa þau úr sjálfur. Stundum koma nefnilega rauð eða gyllt belti úr gömlum sportbílum, sem eru mjög flott.“

Trausti lýkur námi frá MH um næstu jól. Eftir það stefnir hann á nám tengt viðskipta- og frumkvöðlafræði. Frumkvöðlaáfanginn í MH og töskuverkefnið hafi kveikt hjá honum áhugann á framtíðarstarfi.



Trausti segir gyllt bílbelti sjaldséð og sérstaklega skemmtileg að vinna úr.

> Bílapartarnir eru oft í haugum sem óskynsamlegt er að brölta mikið í og framkvæmdastjórinn hjá Vöku bað mig vinsamlegast að vera ekkert að því.

„Stefnan er að fara til Bandaríkjanna í nám í Business Management,“ segir Trausti. „Mig langar að taka þátt í mörkuðum og sýningum með töskurnar og ég er að vinna í því að koma þeim í búðir. Nú fást þær til dæmis í Tösku- og hanskabúðinni á Laugavegi 103,“ segir Trausti. Nánar má forvitnast um töskuverkefnið á www.blamani.is







SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
Wilier TRIESTINA
STAGES CYCLING
ÚTSALA!
- allt að 70% afsláttur -
GARNEAU
KASK
Tacx
ParkTool
drink it... feel it...
Xenofit
www.xenofit.de
STAGES CYCLING
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
RolfPRIMA
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 16:00

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

Vissir þú að...
Barnaheill Save the Children á Íslandi
það er bannað að misnota börnum eftir líkamlegu eða andlegu gegn


**BORGARBÍLASALAN**
580 8900 • borgarbilasalan.is



**DANSKIR DAGAR!!!**
'06 FIAT J146. EK 81 Þ.KM, DÍSEL, BEINSK....TAKTU STYKKISHÓLM MEÐ STÆL!!! ÁSETT 3.780Þ....#104055. S: 580 8900



**HINSEGIN BÍLLINN!!!**
'07 FORD RIMOR. EK 49 Þ.KM, DÍSEL, BEINSKIPTUR...GOTT SKÁPAPLÁSS!!! ÁSETT 4.880Þ #453029. S: 580 8900



**FISKIDAGURINN MIKLI!!!**
2017 FORD NOBLER T-6000 ELEGANCE. EK 3 Þ.KM, DÍSEL, BEINSKIPTUR...RENNUR LJÚFARI EN SÚPAN!!! ÁSETT 11.880Þ #452862. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

## Bílar til sölu



Renault Trafic (langur) nýskr. 07/2010. Ekinn 103.000 km. Rennihurð báðum megin, dráttarbeisli, krossviður í hliðum og botni. Einn eigandi. Mjög vel farinn bíll. Lakk eins og nýtt. Verð 1.590.000. Uppl. 840 0470



**TIL SÖLU**
Loksins er Beauty Boxið til sölu. Piagglo Porter árg. 2001, ekinn 49.000km. já þú sérð rétt. Einn eigandi. Ný dekk s/v, ný smurður, ný tímareim, 6 manna bíll. Bíllinn vekur athygli, svo auglýsingagildið er mikið. Hafið samband og fáið sögustund. Uppl. í síma 895 7199, Ómar.



**TIL SÖLU**
Honda Jazz árg. 2007, ekinn 104.000 km. Sjálfskiptur, skoðaður 2018. Virkilega snyrtilegur bíll. Sá eini græni. Uppl. í síma 8957 199, Ómar.

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Bátar




**HEIMAVÍK**
Flotnet, sökknet, reynsla þekking gæði Heimavík. S. 892 8655 www.heimavik.is

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 8676677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**




PEUGEOT
**508SW Active**
Nýskráður 5/2016, ekinn 14 þús.km., dísel, sjálfskiptur
**Verð kr. 3.790.000**
**Tilboð kr. 3.490.000**



PEUGEOT
**208 Active**
Nýskráður 10/2015, ekinn 26 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.790.000**



**BÍLL DAGSINS**
**PEUGEOT Partner**
Nýskráður 11/2007, ekinn 96 þús.km., dísel, 5 gírar.
**Tilboð dagsins kr. 490.000**



HONDA
**CR-V Executive**
Nýskráður 8/2007, ekinn 183 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.790.000**



HONDA
**CR-V Executive Dísil**
Nýskráður 2/2012, ekinn 76 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.990.000**



HONDA
**CR-V ES**
Nýskráður 3/2005, ekinn 184 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 790.000**



HONDA
**Civic Elegance 5 dyra dísil**
Nýskráður 12/2014, ekinn 19 þús.km., dísel, 6 gírar.
**Verð kr. 2.390.000**



SUZUKI
**Jimny**
Nýskráður 6/2007, ekinn 137 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 790.000**



HONDA
**CR-V Lifestyle Dísil**
Nýskráður 2/2014, ekinn 102 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.290.000**

Lykill fjármögnun

**Afgreiðslutími**
**Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00**
**Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00.**

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Tilboðsverð miðast við bein kaup og enga uppítöku, fjölbreytt lánakjör í boði.

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði óskast

**110 REYKJAVÍK**

**ÁRBÆR / ÁRTÚNSHOLT**
Einstæður faðir með tvö börn í skóla í 110 óskar eftir 2-3ja herbergja íbúð í Hraunbæ eða Ártúnsholti á sanngjörnu verði. Reglusemi og skilvísar greiðslur.
**Nánari uppl. í síma 824 1485**

### Atvinnuhúsnæði

Vantar ca 100 fm húsnæði til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Jarðhæð. Upplýsingar:699-6762 eða hreinverk.is - Tómas

### Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

**DEVITOS PIZZA**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og pizzabakara. Dagvinna, Kvöldvinna
**Uppl. í s. 777 6506**

**BÍLSTJÓRI ÓSKAST**
Bílstjóri óskast til útkeyrslu hjá Sveinsbakarí frá kl. 07:00 - 09:00
**Uppl. sendist á :**
**sveinsbakari@sveinsbakari.is**

## Tilkynningar

### Einkamál

**HRINGIÐ Í STÍNU!**
Hún er alltaf til í heitt spjall. Opið frá 18 Sími 905-2100 Geymið auglýsinguna.



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

### Fasteignir

**EIGNAMIÐLUN**
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Háaleitisbraut 109, 108 Reykjavík**




Mjög falleg og vel skipulögð 110.8 fm, 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í eftirsóttu fjölbýlishúsi við Háaleitisbraut í Reykjavík.

Húsið er teiknað af Sigvalda Thordarson. Íbúðin skiptist m.a. í stóra stofu, eldhús, þrjú herbergi, fataherbergi, baðherbergi og þvottahús.
**V. 44,9 m.**

**Opið hús fimmtudaginn 10. ágúst milli kl. 18:00 og 18:30.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

**EIGNAVER** FASTEIGNASALA
Við sýnum allar eignir sjálf
ERUM Á FACEBOOK
460 6060 Hafnarstræti 97 (Krónunni) á 1. hæð

**Til sölu: Lóð úr landi Syðri Varðgjár.**
**Eignarland ásamt sumarbústað**
**– einstök staðsetning – frábært útsýni –**





Um er að ræða rúmlega hektara af eignarlandi ásamt 45,0 fm sumarhúsi á skjólgóðum stað í einungis 6 mín akstursfjarlægð frá Akureyri.

Húsið er byggt 1985. Stór og góð verönd er umhverfis húsið og góð aðstaða til að grilla og njóta útiveru. **Verð: 30 millj.**

**Nánari uppl. veitir Tryggvi Gunnarsson á skrifstofu Eignavers fasteignasölu, s: 862 7919 / tryggvi@eignaver.is**

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

### Húsnæði óskast

**Ártúnsholt / Árbær**

Hjón með þrjú börn óska eftir **einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110,** Ártúnsholt / Árbær.
Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á:
**sendtohelgi@gmail.com**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

GRAFARVOGS HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

EYJALIND
**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook
**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.




## » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmanna-mála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is




## HÁGÆÐA DANSKAR
# ELDHÚSINNRÉTTINGAR

TRUSTPILOT
Nettoline fær 5 stjörnur frá dönskum gagnrýnendum









### ÞITT ER VALIÐ
Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska.

### GOTT SKIPULAG
Það getur verið mikil kúnst að nýta pláss á sem bestan máta. Með fjölbreyttum skápalausnum frá Fríform á hver hlutur sinn stað. Gott skipulag léttir þér lífið og sparar bæði tíma og fyrirhöfn.

### VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM
Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

### OPIÐ:
Mán. - fim. kl. 09 til 18
Föstudaga kl. 09 til 17
Lokað á laugardögum í sumar.

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT

## Stjörnusigur í grannaslagnum



**Stjörnuleikur hjá Hilmari Árna** Stjarnan vann 2-0 sigur á Breiðabliki í Garðabænum í 14. umferð Pepsi-deildar karla í gær. Með sigrinum minnkuðu Stjörnumenn forskot Valsmanna á toppi deildarinnar niður í fimm stig. Hilmar Árni Halldórsson var maðurinn á bak við sigur Stjörnunnar. Breiðhyltingurinn lagði fyrra mark Stjörnunnar upp fyrir Hólmbert Aron Friðjónsson og skoraði það seinna sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Hefur enn ekki sýnt sitt besta

**Samherji Ólafíu Þórunnar Kristinsdóttur hrósar henni fyrir framgöngu hennar á fyrsta tímabilinu á LPGA-mótaröðinni. Ólafía vill gera enn betur og segist enn eiga eftir að spila mót þar sem allt gengur upp.**

**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir fær nú verðskuldaða hvíld frá LPGA-mótaröðinni í golfi eftir afar annasaman fyrri hluta tímabils. Af þeim 22 mótum sem lokið er á mótaröðinni hefur Ólafía tekið þátt í sextán, en hún hefur sjálf talað um að álagið hafi sagt til sín og að það hafi til að mynda haft áhrif á spilamennsku hennar á Opna breska meistaramótinu í golfi um liðna helgi.

Ólafía er því komin í kærkomið frí áður en hún heldur til Kanada þar sem næsta mót á LPGA-mótaröðinni hefst eftir tvær vikur. Hún hefur spilað vel að undanförnu og komst til að mynda í gegnum niðurskurðinn á öllum þremur mótunum hennar í júlí.

**Maturinn hennar mömmu**

„Mér tókst að fara snemma á staðinn á einu mótanna og kynnast vellinum mjög vel," sagði Ólafía aðspurð um hvað hafi breyst hjá henni. „Svo var Thomas [Bojanowski, unnusti hennar] með mér á mótunum og það hjálpar mér að slaka á. Svo kom mamma mín líka og það hjálpaði enn meira. Það eru alls konar litlir hlutir sem hjálpa til, eins og túnfisksamlokan hennar mömmu," sagði hún og brosti.

Hún viðurkennir að það geti verið erfitt að vera með hugann við pengalistann en að einbeita sér ekki bara að stað og stund. „Stundum er það erfitt. En ég er með aðferðir til að hjálpa að hætta mér að hugsa um slíka hluti. Ég hef líka góða þjálfara sem ég get ráðfært mig við og allt saman hjálpar þetta."



Ólafía Þórunn Kristinsdóttir afrekskylfingur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Slær langt og beint**

Ólafía hefur bætt sig talsvert eftir því sem liðið hefur á árið og þó svo hún sé ánægð með margt sem hún hefur gert vill hún gera enn meira.

„Ég á enn eftir að eiga mót þar sem allt gengur upp. Ég átti eitt mót þar sem ég var í tveggja stafa tölu undir pari – og mig langar í fleiri," segir hún.

Ólafía var stödd hér á landi í vikunni til að halda góðgerðarmót til styrktar Barnaspítala Hringsins. Mótið gekk vel og söfnuðust fjórar milljónir fyrir málefnið. Meðal gesta hennar á mótinu voru fjórir LPGA-spilarar, þar af hin bandaríska Tiffany Joh sem var í ráshópi með Ólafíu á móti fyrir skömmu.

Joh hefur mikla trú á því að Ólafía muni endurnýja keppnisrétt sinn á mótaröðinni og hrósaði henni sérstaklega fyrir löngu höggin. „Hún slær einna best af þeim sem ég hef spilað með. Það er það sem mér fannst einna mest til koma þegar ég spilaði með henni – hún slær boltann langt og fast. Til að endast á svo sterkri mótaröð finnst mér það vera mikill kostur og mikilvægur."

**Spara orkuna**

Joh segir að eitt það mikilvægasta sem nýliðar verði að hafa í huga á mótaröðinni sé að spara orku – að vera ekki með stífar æfingar ofan í mót þegar spilað er viku eftir viku.

„Það þarf að horfa á stóru myndina og spara orkuna. Þetta er ekki eins og í háskóla þar sem maður fór heim á milli móta og lærði," segir Joh sem telur að mótið í Kanada muni henta kylfingi eins og Ólafíu vel.

„Það eru mörg mót fram undan sem verðlauna þá sem slá vel, eins og Ólafía gerir. Opna kanadíska er dæmi um það," segir sú bandaríska.

eirikur@frettabladid.is

### Kölluð „Iceland"



Tiffany Joh segir að Ólafía hafi staðið sig vel á sínu fyrsta ári á LPGA-mótaröðinni. Nafnið hennar hafi þó þvælst fyrir kylfingunum.

„Enginn vissi hvernig ætti að bera fram nafnið hennar og því kölluðum við hana bara „Iceland"," sagði Joh og hló. „Við spiluðum svo saman á móti um daginn og var það í fyrsta sinn sem við spiluðum saman átján holur. Okkur samdi mjög vel og ég er ánægð með hafa hana á mótaröðinni."

Sjálf segir Ólafía að sér hafi verið vel tekið, jafnvel betur en hún þorði að vona.

„Ég átti svo sem von á meira keppnisskapi og að allir væru óvinir. Það var það sem ég var búin að heyra. En það er alls ekki þannig. Andrúmsloftið er gott og vinalegt," segir Ólafía.

**Pepsi-deild karla**

**Fjölnir - KA 2-2**

1-0 Ingimundur Níels Óskarsson (27.), 2-0 Þórir Guðjónsson (38.), 2-1 Hallgrímur Mar Steingrímsson (44.), 2-2 Hrannar Björn Steingrímsson (55.).

**Víkingur Ó. - Grindavík 2-1**

1-0 Eivinas Zagurskas (2.), 1-1 Andri Rúnar Bjarnason (61.), 2-1 Kenan Turudija, víti (67.).

**Stjarnan - Breiðablik 2-0**

1-0 Hólmbert Aron Friðjónsson (46.), 2-0 Hilmar Árni Halldórsson (67.).

Stjarnan minnkaði forskot Vals á toppi Pepsi-deildarinnar niður í fimm stig með sigri á Breiðabliki. Víkingur Ó. vann afar mikilvægan sigur á Grindavík fyrir vestan. KA lenti 2-0 undir gegn Fjölni en mörk frá bræðrunum Hallgrími og Hrannari Steingrímssonum tryggðu Akureyringum stig.

### Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Valur | 14 | 9 | 3 | 2 | 26 - 12 | 30 |
| Stjarnan | 14 | 7 | 4 | 3 | 31 - 17 | 25 |
| FH | 14 | 6 | 6 | 2 | 23 - 16 | 24 |
| KR | 14 | 6 | 3 | 5 | 23 - 20 | 21 |
| Grindavík | 14 | 6 | 3 | 5 | 18 - 24 | 21 |
| Víkingur R. | 14 | 5 | 4 | 5 | 19 - 20 | 19 |
| Breiðablik | 14 | 5 | 3 | 6 | 20 - 23 | 18 |
| KA | 14 | 4 | 5 | 5 | 27 - 23 | 17 |
| Fjölnir | 14 | 4 | 4 | 6 | 17 - 20 | 16 |
| Víkingur Ó. | 14 | 5 | 1 | 8 | 17 - 25 | 16 |
| ÍBV | 14 | 3 | 4 | 7 | 18 - 28 | 13 |
| ÍA | 14 | 2 | 4 | 8 | 20 - 31 | 10 |

**Pepsi-deild kvenna**

**FH - Haukar 1-0**

1-0 Guðný Árnadóttir (51.).

### Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Þór/KA | 11 | 10 | 1 | 0 | 25 - 5 | 31 |
| Stjarnan | 12 | 8 | 2 | 2 | 30 - 10 | 26 |
| ÍBV | 11 | 8 | 1 | 2 | 23 - 9 | 25 |
| Breiðablik | 11 | 8 | 0 | 3 | 27 - 6 | 24 |
| Valur | 11 | 6 | 1 | 4 | 27 - 13 | 19 |
| FH | 11 | 5 | 0 | 6 | 12 - 17 | 15 |
| Grindavík | 12 | 4 | 1 | 7 | 10 - 30 | 13 |
| KR | 11 | 2 | 0 | 9 | 7 - 27 | 6 |
| Fylkir | 10 | 1 | 1 | 8 | 5 - 22 | 4 |
| Haukar | 12 | 0 | 1 | 11 | 6 - 33 | 1 |

**HILMAR NÆRRI SÍNU BESTA** Hilmar Örn Jónsson kastaði 71,12 metra í undanúrslitum í sleggjukasti á HM í frjálsum íþróttum í London. Þetta var fyrsta mót Hilmars í fullorðinsflokki. Hilmar kastaði 71,12 metra í fyrsta kasti en hin tvö voru ógild. Hann hefur lengst kastað 72,38 metra á ferlinum. Hilmar endaði í 14. sæti af 16 keppendum í sínum riðli og komst ekki í úrslit.



### Í dag

17.00 PGA-risamótið Golfstöðin
19.00 Valur - Breiðablik Sport

**Pepsi-deild kvenna**
18.00 Þór/KA - Fylkir
18.00 Stjarnan - ÍBV
19.15 Grindavík - KR
19.15 Valur - Breiðablik

**Inkasso-deildin**
19.15 HK - Selfoss



Framherjinn öflugi frá Mexíkó, Stephany Mayor, fagnar hér öðru marka sinna í síðasta leik Þórs/KA sem fór fram 2. júlí síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hefur eitthvað breyst á 39 dögum?

**FÓTBOLTI** Toppliðið Þór/KA spilar í kvöld sinn fyrsta leik í Pepsi-deild kvenna eftir 39 daga frí vegna Evrópumótsins í Hollandi. Norðanstúlkur taka þá á móti Fylki á heimavelli sínum.

Það getur margt breyst í svo löngu fríi og margir bíða spenntir eftir því hvernig þjálfaranum, Halldóri Jóni Sigurðssyni, hefur tekist að halda sínum konum við efnið allan þennan tíma. Þór/KA-liðið fór meðal annars í æfingaferð til Hollands og fylgdist með íslenska kvennalandsliðinu á EM þar sem Sandra María Jessen var fulltrúi liðsins. Þór/KA fór í fríið með sex stiga forystu á toppnum en Stjörnukonur minnkuðu það í fimm stig með jafntefli í Grindavík í síðustu viku.

Þór/KA vann 2-1 útisigur á Blikum í síðasta leik sínum sem fór fram 2. júlí síðastliðinn. Stephany Mayor skoraði bæði mörk liðsins í þessum risastóra sigri í Smáranum en hún var þá búin að skora í sjö af síðustu átta leikjum liðsins og enginn sóknarmaður var heitari í deildinni.

Þór/KA hefur enn ekki tapað í Pepsi-deildinni í sumar og er með tíu sigra í leikjunum ellefu. Liðin í næstu sætum á eftir hafa ekki lengur efni á að misstíga sig. Liðin í næstu fjórum sætum mætast innbyrðis í kvöld og með hagstæðum úrslitum gæti Þór/KA stigið enn eitt skrefið í átt að Íslandsmeistaratitlinum. Stjarnan (2. sæti) og ÍBV (3. sæti) mætast í Garðabænum og Breiðablik (4. sæti) heimsækir Val (5. sæti) í sjónvarpsleik umferðarinnar. Þór/KA gæti mest verið með sjö stiga forystu eftir leiki kvöldsins.

Þór/KA-liðið spilaði átta deildar- og bikarleiki á síðustu 39 dögunum fyrir EM-fríið og ekkert lið í deildinni leit þá betur út. Í kvöld fáum við fyrstu vísbendinguna um það hvort eitthvað hefur breyst á þessum sex vikum. – óój



Ivan Ivkovic í leik með Haukum í fyrra. Liðið missti af öllum titlum með hann í liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Tveggja ára samningur út um gluggann

**HANDBOLTI** Stórskyttan Ivan Ivkovic hefur spilað sinn síðasta leik með Haukunum í Olís-deildinni. Haukarnir riftu samningi sínum við leikmanninn fyrir verslunarmannahelgi en hann var með samning til júní 2019 eða í tvö tímabil til viðbótar. Gunnar Magnússon, þjálfari Haukaliðsins, staðfesti þessar fréttir við íþróttadeild 365 en vildi ekki fara nánar út í hvers vegna samningnum var rift. Ivan Ivkovic hefur þegar yfirgefið landið.

Samkvæmt heimildum íþróttadeildar voru það vandræði utan vallar sem leiddu til þess að samningnum við Ivkovic var sagt upp. Ivan Ivkovic er 207 sentimetra hár og hélt upp á 21 árs afmælið sitt í mars. Hann skoraði 50 mörk í 11 deildarleikjum með Haukum á síðustu leiktíð. Haukarnir sáu hann fyrir sér tilraunaverkefni og framtíðarleikmann liðsins en Króatinn entist aðeins í sex mánuði á Íslandi og er nú þrátt fyrir ungan aldur enn á ný að leita sér að nýju félagi. – óój






FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
10. ÁGÚST 2017 FIMMTUDAGUR

## Merkisatburðir

**1250** Eiríkur plógpeningur Danakonungur er drepinn og líki hans hent í sjó.

**1351** Arngrímur Brandsson er vígður ábóti í Þingeyraklaustri.

**1519** Ferdinand Magellan leggur af stað frá Sevilla í hnattsiglingu sína.

**1539** Diðrik af Minden, fógeti konungs, er myrtur ásamt fylgdarliði í Skálholti.

**1628** Sænska skipinu Vasa hvolfir í jómfrúarferð sinni.

**1779** Rasmus Lievog hefur veðurathuganir á Álftanesi.

**1801** Landsyfirréttur tekur til starfa.

**1930** Súlan flýgur fyrsta sjúkraflug á Íslandi. Drengur er fluttur úr Kjósinni og til Reykjavíkur.

**1975** Guðlaug Þorsteinsdóttir verður fyrsti kvenskákmeistari Norðurlanda, fjórtán ára að aldri.

**1979** Plata Michaels Jackson, Off the Wall, kemur út í Bandaríkjunum.

**1979** Jaime Roldós Aguilera er kosinn forseti Ekvador.



✝

Bróðir minn og frændi okkar,

**Elías Ólafur Guðmundsson**

fyrrverandi eigandi Nylonhúðunar,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 14. ágúst klukkan 15.00.

**Bryndís Guðmundsdóttir**
**Sesselja Svansdóttir**
**Kristín Svansdóttir**
**Tryggvi Svansson**
**og frændfólk.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn,

**Cyril Edward W. Hoblyn**

Skipagötu 12, Ísafirði,

lést á hjartadeild LSH 27. júlí 2017. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigríður Ólafsdóttir**



✝

Elskuleg systir mín,

**Jónfríður Sigurðardóttir**

(Lilla)

Fellsmúla 11,

lést laugardaginn 22. júlí á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug, sérstakar þakkir til starfsfólks hjarta- og lungnadeildar LSH og hjúkrunardeildar Grundar fyrir sérlega góða umönnun og hlýhug.

**F.h. vandamanna,**
**Rafn Sigurðsson**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristján Guðmundur Óskarsson**

húsasmíðameistari
Lindasíðu 2, Akureyri,

lést á lyfjadeild SAK þann 30. júlí. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát hans og útför. Einnig viljum við koma fram þakklæti til Sunnu Snædal nýrnalæknis og starfsfólks heimahlynningar og lyfjadeildar SAK fyrir alla hjálpina og umönnun.

**Margrét Dóra Kristinsdóttir**
**Óskar Tryggvi Kristjánsson**
**Kristín Kristjánsdóttir** **Sigurður Tryggvason**
**Berglind Dóra, Ágúst Már, Sarah Líf,**
**Marísól Una og Margrét Líf**



**Íbúar í Mosfellsbæ eru ánægðir þessa dagana, enda er bærinn 30 ára. Hátíðardagskrá stendur til 27. ágúst.** FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFEY

# Mikil gleði á þrjátíu ára afmæli Mosfellsbæjar

**Mosfellsbær fagnaði þrjátíu ára afmæli í gær. Forseti Íslands kom í opinbera heimsókn. Hátíðardagskrá í bænum stendur yfir til 27. ágúst. Forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar segir alla í hátíðarskapi.**

Herra Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og frú Eliza Reid forsetafrú fóru í opinbera heimsókn alla leið til Mosfellsbæjar í gær til að taka þátt í afmælishátíðarhöldum bæjarbúa. Bærinn fagnaði þeim tímamótum í gær að þrjátíu ár voru liðin frá því að hann fékk kaupstaðarréttindi. Breyttist nafn sveitarfélagsins við það úr Mosfellssveit í Mosfellsbæ.

Á þeim tíma bjuggu nærri 4.000 í sveitarfélaginu en nú, þremur áratugum síðar, eru íbúarnir rúmlega 10.000 og er Mosfellsbær sjöunda stærsta sveitarfélag landsins. Af því tilefni verður ríkuleg hátíðardagskrá allt fram til 27. ágúst næstkomandi.

„Í rauninni erum við með dagskrárliði alla virka daga fram að bæjarhátíðinni. Hún er lokahnykkurinn á þessari dagskrá,“ segir Aldís Stefánsdóttir, forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar bæjarins. Hún segir jafnframt að eitthvað megi finna fyrir alla aldurshópa.

„Við erum að leggja upp úr því að vera með eitthvað fyrir alla og vinna eftir þeim áherslum sem við höfum verið með. Þetta er mikill barnabær og það er góð stemning fyrir þessu hér,“ segir Aldís og bætir við:

„Hér er búið að snurfusa allt, slá, gera fallegt og grænt. Það eru allir í hátíðarskapi. Við erum búin að hitta börn út um allan bæ með fána og allir eru að óska hver öðrum til hamingju með daginn.“

Forseti lýðveldisins kom víða við í Mosfellsbæ í gær. Heimsótti hann meðal annars Gljúfrastein, eldri borgara að Eirhömrum, eina starfandi hnífasmið landsins og leikskólabörn áður en hátíðardagskrá tók við í Hlégarði. Þar voru meðal annars komnir saman fyrrverandi bæjarlistamennirnir Greta Salóme, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Anna Guðný Guðmundsdóttir.

En hátíðarhöldum í bænum er hvergi nærri lokið eins og áður segir og er meðal annars von á folfmóti með Steinda Jr., sýningum Brúðubílsins, Sirkuss Íslands og Leikhópsins Lottu og opnun sýningar Rögnu Fróða í Listasalnum. Hátíðarhöldum lýkur svo um síðustu helgi mánaðarins þegar Í túninu heima, bæjarhátíð Mosfellsbæjar, fer fram. **thorgnyr@frettabladid.is**

> **Það eru allir í hátíðarskapi. Við erum búin að hitta börn úti um allan bæ með fána og allir eru að óska hver öðrum til hamingju með daginn.**
>
> Aldís Stefánsdóttir, forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar Mosfellsbæjar

ÞETTA GERÐIST: 10. ÁGÚST 1984

## Bjarni vinnur brons í Los Angeles

„Ég er að sjálfsögðu mjög ánægður með að hafa náð þessum árangri. Það var kominn tími til að íslenski fáninn færi upp eftir flaggstönginni,“ var haft eftir Bjarna Friðrikssyni ólympíufara í Dagblaðinu Vísi þann tíunda ágúst árið 1984. Hafði hann tryggt sér bronsverðlaun í 95 kílóa flokki í júdó á Ólympíuleikunum í Los Angeles um nóttina.

Dagblaðið fór fögrum orðum um Bjarna af þessu tilefni. „Árangur Bjarna er frábær. Einum Íslendingi hefur áður tekist að stíga fæti á verðlaunapall á Ólympíuleikum. Það var Vilhjálmur Einarsson í Melbourne 1956,“ segir í blaðinu.

Kemur fram í fréttinni að Bjarni hafi verið hársbreidd frá því að glíma um gullið og að aðeins „rakin óheppni“ hafi komið í veg fyrir gull- eða silfurverðlaun.

Bjarni vann þrjár glímur á mótinu en tapaði einni. Vann hann sigur á Dananum Carsten Jensen, Bandaríkjamanninum Leo Withe og Ítalanum Yuri Fazi. Hann laut hins vegar í lægra haldi gegn hinum brasilíska Douglas Vieira.



**Bjarni Friðriksson Júdó Ólympíuleikar 1984 í Los Angeles Bronsverðlaun**

Á þeim rúmu þrjátíu árum sem hafa liðið frá því Bjarni tók bronsið hafa Íslendingar tvívegis aftur komist á verðlaunapall á Ólympíuleikum. Var það þegar Vala Flosadóttir hlaut bronsverðlaun í stangarstökki í Sydney árið 2000 og þegar karlalandsliðið í handbolta tók silfrið í Peking 2008. **– þea**


ORMSSON
SPARIDAGAR
fyrir heimilin í landinu
AEG
914 913 404
ÞVOTTAVÉL 7 KG. 1200 SN.
Rétt verð: 89.900,-
Sparidagaverð: 71.920,-
914 913 410
ÞVOTTAVÉL 8 KG. 1400 SN.
Rétt verð: 99.900,-
Sparidagaverð: 79.920,-
20%
AEG
KERAMIK HELLUBORÐ
57CM MEÐ STÁLKANTI
Keramikhellur • Fjórar hraðhitahellur • Með stálramma • Snertirofar • Hægt að læsa helluborðinu / barnalæsing • Tímastillir á öllum hellum • Sjálfvirk öryggisslökkvun • Eftirhitagaumljós
35%
949 595 115
AEG
916 097 949
ÞURRKARI 7 KG. BARKALAUS
Rétt verð: 99.900,-
Sparidagaverð: 79.920,-
916 097 952
ÞURRKARI 8 KG. BARKARLAUS
Rétt verð: 109.900,-
Sparidagaverð: 87.920,-
20%
Tefal
Þetta merki hefur verið hjá Ormsson í 27 ár. Það köllum við meðmæli.
25%
944 187 291 944 066 186
AEG
OFNAR - ÁRG. 2016
30%
AEG
TILBOÐSVERÐ Á ÖLLUM RYKSUGUM
25%
Tilboð
Afslættir
Verðlækkun
BRAUN
25%
RAKVÉLAR OG RAFMAGNSTANNBURSTAR
UNOLD
SOUS VIDE
Spennandi leið til eldunar
15.900,-
25%
brabantia
Þrifalegu ruslaföturnar. Margar gerðir og gott úrval lita.
25%
AEG
SMÁRAFTÆKI
25%
þvottavélar - þurrkarar - ísskápar - frystiskápar - helluborð - ofnar - hljómtæki - leikjatölvur og leikir - sjónvörp o.fl. o.fl.
55”
ULTRA HD
Curved
SAMSUNG
UHD • 4K • Curved • 8 milljón pixlar • 1400 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
55” MU6275 kr. 159.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 129.900,-
49”
SAMSUNG
FHD 400 PQI • Hvítt • Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
49” K5515 kr. 114.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 91.900,-
55”
ULTRA HD
SAMSUNG
UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1300 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
55” MU6175 kr. 149.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 119.900,-
95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15.
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Netverslun
ORMSSON.IS
95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Norðaustan strekkingur í dag, hvassast SA til. Vætusamt á Norðausturlandi, annars víða skýjað, en bjart sunnan heiða. Hiti víðast 6 til 16 stig, en ívið hlýrra sunnanlands yfir daginn.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 9° | 7° |
| ↓7 | ↓4 | ↓7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 7° | 14° | 4° |
| ↓8 | ↙7 | ↓8 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 9° | 10° |
| →3 | ↗4 | ↙2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 10° | 12° | 7° |
| ↘6 | ←1 | ↑1 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | 3 | | 7 | 4 |
| | 1 | 5 | | | 9 | 8 | | |
| | | 3 | | 4 | | | | |
| 5 | | | | | | 6 | 8 | 3 |
| | 8 | | | 1 | | | 2 | |
| 7 | | | 2 | | | | 5 | |
| 8 | 4 | | 1 | 9 | | | 6 | |
| 9 | | | 4 | | | | | |
| | | 6 | | | 2 | | | 7 |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | | | 4 | | |
| 9 | | | 2 | | | | | |
| 1 | 2 | | | 6 | 7 | | | 9 |
| | 5 | | | | 3 | 9 | | 4 |
| | | | 5 | 2 | | 1 | | 3 |
| 6 | | | | | | | | |
| 2 | 3 | | | 7 | | 5 | | |
| 4 | 6 | | | | | | 1 | 7 |
| | | | | | | | 4 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| | | | | 1 | | | 3 | |
| | | | 6 | | | | | |
| | 4 | | 9 | 6 | | | | |
| | | 6 | | | | | | 2 |
| | | 5 | | | 2 | 4 | | |
| | | 4 | 3 | | | 1 | 5 | |
| | | 9 | | 7 | | | | |
| 8 | 3 | 2 | | | 1 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 1 | 8 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 2 | 9 | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 7 | 6 | 3 | 4 | 2 | 5 | 8 |
| 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 3 | 1 |
| 3 | 6 | 2 | 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 4 |
| 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 2 |
| 7 | 2 | 8 | 9 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 2 | 8 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 | 6 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 7 | 6 | 4 | 3 | 5 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 |
| 6 | 8 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 9 | 4 |
| 7 | 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 9 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 7 | 1 | 8 |
| 5 | 6 | 8 | 4 | 1 | 3 | 9 | 7 | 2 |
| 3 | 4 | 9 | 2 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 5 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 |
| 1 | 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 8 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 7 | 1 | 8 |
| 7 | 5 | 3 | 8 | 9 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 2 |
| 3 | 8 | 7 | 2 | 1 | 9 | 6 | 5 | 4 |
| 9 | 2 | 5 | 6 | 3 | 4 | 8 | 7 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. skjótur
6. frá
8. spreia
9. lík
11. vörumerki
12. fýla
14. framvegis
16. strit
17. tryllingur
18. almætti
20. til
21. ögn

**LÓÐRÉTT**
1. mælieining
3. nudd
4. aðstæður
5. fljótfærni
7. þögull
10. skarð
13. frjó
15. sigta
16. siða
19. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. snar, 6. af, 8. úða, 9. nár, 11. ss, 12. óloft, 14. áfram, 16. at, 17. æði, 18. guð, 20. að, 21. arða.
**LÓÐRÉTT:** 1. nanó, 3. nú, 4. aðstaða, 5. ras, 7. fálátur, 10. rof, 13. fræ, 15. miða, 16. aga, 19. ðð.

## Skák Gunnar Björnsson

Levon Aronian (2.809) átti leik gegn Wesley So (2.809) á Sinquefield-mótinu í St. Louis.
**Svartur á leik**
*Hvítur á auðunnið tafl en fann þá einföldustu.* **32. e5! 32. … Dxd3** er svarað með **33. Hh3** og svo fylgir **34. Dh4.** Wesley So gafst upp. Maxime Vachier-Lagrave var efstur eftir sex umferðir.



**www.skak.is:** Bragi byrjar vel í Riga.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# 10-11

# ÁGÚSTTILBOÐ

**BURN**
3 TEG. - 355 ML
**249** KR/STK
701 KR/L



**MARABOU DAIM** - 56 G
**169** KR/STK
3018 KR/KG



**RICOLA**
4 TEG. - 45 G
**199** KR/STK
4422 KR/KG



**ROCKSTAR ENERGY** 4 TEG.
500 ML
**199** KR/STK
398 KR/L



**AUNT MABEL MUFFINS** 3 TEG.
102 G
**199** KR/STK
1951 KR/KG



**NAKED MACHINE** 450 ML
BLUE, GREEN & MANGO
**399** KR/STK
887 KR/L



**REESE'S**
STICKS 42 G
PEANUT BUTTER 51 G
**149** KR/STK
2922/3548 KR/KG



**LION BAR**
52 G
**99** KR/STK
1904 KR/KG



**INNBÖKUÐ PYLSA**
**169** KR/STK



**EGILS MIX**
500 ML
**2 FYRIR 1**
349 KR/L



**HEAT BCAA**
3 TEG. - 330 ML
**299** KR/STK
906 KR/L



**HERSHEY'S**
COOKIES'N'CREME
43 G
**149** KR/STK
3465 KR/KG



**CULT RAW**
ENERGY & ENERGY
SUGAR FREE - 250 ML
**199** KR/STK
796 KR/L

**CULT RAW**
500 ML
**299** KR/STK
598 KR/L



TILBOÐIÐ GILDIR ÚT ÁGÚST

***Fljótlegt og þægilegt***

| REYKJAVÍK | | | | KÓPAVOGUR | HAFNARFJÖRÐUR | GARÐABÆR | REYKJANESBÆR | AKUREYRI | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Laugalækur 9 | Barónsstígur 4 | Miklabraut 100 | Suðurfell 4 | Hjallabrekka 2 | Fjörður 13-15 | Litlatún | Hafnargata 55 | Kaupangur | Skagabraut 43 |
| Austurstræti 17 | Grímsbær | Kleppsvegur | Laugavegur 180 | Dalvegur 20 | Staðarberg 2-4 | | Flugstöð Leifs Eiríkss. | | |
| Laugavegur 116 | Héðinshús | Birkimelur 1 | Við Vesturlandsveg | Hagasmári 9 | Reykjavíkurvegur 58 | | Fitjar | | |
| Lágmúli 7 | Hjarðarhagi 47 | Bústaðavegur 20 | Borgartún 26 | | | | | | |
| | Eggertsgata 24 | Grjóthháls 8 | Bankastræti 11 | | | | | | |
| | | | Seljavegur 2 | | | | | | |

# Að hverfa í fjöldann og skapa sér líf utan hjónabands

**Svo veistu að þú varst ekki hér. Hinsegin sagnfræði og hinsegin saga á Íslandi, er einkar forvitnilegt greinasafn sem kemur út í vikunni. Ásta Kristín Benediktsdóttir er ein ritstjóra og hún segir að ýmislegt í sögu hinsegin fólks á Íslandi og sé enn órannsakað.**




Ásta Kristín Benediktsdóttir bókmenntafræðingur segir að í hinsegin sagnfræði sé m.a. skoðað hvernig samfélög hafa brugðist við þeim sem standa fyrir utan normið. FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFEY

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Hinsegin sagnfræði er bæði saga hinsegin fólks í frekar víðum skilningi sem og alls konar fólks sem er ekki gagnkynhneigt. En síðan er þetta líka spurning um aðferðafræði og þar kemur þetta greinasafn nýtt inn því þar er að finna ákveðna nálgun að sögunni sem er frábrugðin hefðbundnari sagnfræði," segir Ásta Kristín Benediktsdóttir, sem er ein af ritstjórum greinasafnsins Svo veistu að þú varst ekki hér. Hinsegin sagnfræði og hinsegin saga á Íslandi, sem Sögufélag gefur út. Auk Ástu Kristínar eru ritstjórar þær Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Íris Ellenberger en allar eiga þær greinar í ritinu auk Kristínar Svövu Tómasdóttur, Þorsteins Vilhjálmssonar og Þorvalds Kristinssonar.

Ásta Kristín segir að hinsegin sagnfræði sé í fræðilegu tilliti sambærileg við róttæka femíníska rýni. „Þetta er nálgun sem skoðar hugmyndafræði, orðræður og reynir að skilja hvernig samfélögin á hverjum tíma fyrir sig brugðust við hinsegin fólki. Ekki endilega að skoða hvaða fólk í gamla daga var hinsegin heldur meira að skoða hvernig var talað um kyn og kynverund og hvernig var brugðist við fólki sem var öðruvísi heldur en normið. Hvernig var talað um fólk, hvernig var farið með fólk, hvernig var valdi beitt og þannig mætti áfram telja."

Ásta Kristín segir að í þessu riti sé verið að skoða íslenskt samfélag og þar sem samkynhneigð hafi fyrst orðið sýnileg í Reykjavík sé hún fyrirferðarmikil á sögusviðinu. „Þetta var eina borgin og hefur alltaf verið. Við erum þó ekki bundin við Reykjavík því þarna er til að mynda grein um Guðmund Sigurjónsson sem var dæmdur í fangelsi fyrir „kynvillu" árið 1924. Guðmundur var úr Mývatnssveit og það er grein sem fer með okkur bæði norður í land og til Vesturheims og víðar. En engu að síður verður hinsegin menning oft fyrst til í borgarmenningu af þeirri ástæðu til dæmis að þar skapast fremur þær aðstæður að fólk geti fengið að vera það sjálft, það á auðveldara með að hverfa í fjöldann og skapa sér líf utan hjónabands og fjölskyldu."

Í sögulegu samhengi þá virðist vera að saga karlmanna sé mjög ríkjandi og Ásta Kristín segir að skýringuna sé meðal annars að finna í sömu ástæðum og í annarri söguskoðun. „Almennt í sögum um allan heim er meira skrifað um karlmenn en konur sem ræðst af því að þeir hafa meira aðgengi að opinberu rými, valdastöðum, fjölmiðlum og svo framvegis á meðan konur liggja meira til hliðar. Að auki þá hafa líka verið harðari viðbrögð við samkynhneigð karla en kvenna. Það þýðir ekki að samkynhneigð kvenna hafi verið samþykkt heldur var meira litið fram hjá henni eða látið sem hún væri ekki til á meðan það var brugðist harkalegar við karlmönnunum."

Ásta Kristín bendir einnig á að sambúð kvenna hafi jafnvel verið samfélagslega ásættanleg út frá efnahagslegum sjónarmiðum þó svo samkynhneigðin væri það alls ekki. „Þetta er samt eitthvað sem okkur langar til þess að skoða nánar vegna þess að við vitum í raun nánast ekki neitt um þetta atriði í íslensku samhengi. Þess vegna erum við, sem ritstýrum þessari bók, að setja af stað heimildasöfnunarverkefni og það miðar sérstaklega að því að safna heimildum um hinsegin konur. Við vitum nánast ekkert um þær og það er erfitt að finna þessar heimildir þannig að það þarf að leita að þeim sérstaklega."

Þegar horft er til þess að 1924 var maður fangelsaður fyrir samkynhneigð og svo að Hinsegindagar standa nú sem hæst í Reykjavík þá er óhjákvæmilegt að velta því fyrir sér hvenær viðhorf samfélagsins hafi tekið að breytast. Ásta Kristín segir að það hafi líkast til verið að gera það allan þennan tíma. „Sú grein í bókinni sem fjallar um það sem er næst okkur í tíma er eftir Írisi Ellenberger og fjallar um 21. öldina. Þar er sýnt fram á hversu greinileg breyting hefur orðið í samfélaginu, einkum í því hvernig er hugsað um samkynhneigð og hvernig hún er samþykkt en líka felld inn í þjóðernisorðræðu og sitthvað fleira."

Ásta Kristín segir að greinarnar í bókinni séu ólíkar en tengist engu að síður með ýmsum hætti. „Við vonum að þetta myndi tiltölulega heildstætt verk. Þannig ætti þetta að vera bók fyrir sagnfræðinga, þá sem hafa áhuga á íslenskri menningu og þannig alla þá sem hafa áhuga á þessum málum. Það er erfitt að átta sig á því þegar maður er að ritstýra fræðigreinum hvernig tekst til við að hafa verkið aðgengilegt almenningi en ég held að þessi bók sé það. Ég vona allavega að okkur hafi tekist að gera þetta auðlæsilegt þannig að allir geti lesið og fræðst um þessa mjög svo forvitnilegu sögu."



# ZENBOOK FRÁ ASUS

## HÖNNUN, HRAÐI OG KRAFTUR

tl.is



### ÖRÞUNN ZENBOOK MEÐ i5 KABY LAKE

**139.995**

**HÖNNUN OG HRAÐI**

ASU-UX410UAGV028T

SÉRSTAKLEGA ÖFLUG OG GLÆSILEG.
8GB VINNSLUMINNI OG NÝJA 256GB M.2 SSD.
BAKLÝST LYKLABORÐ, FHD SKJÁR MEÐ IPS SKJÁTÆKNI.

14" FULL HD
- INTEL i5 KABY LAKE
- INTEL HD 620
- 8GB MINNI
- 256GB SSD



### 13,3" MEÐ HRAÐVIRKARI SSD

**INTEL i5**

ASU-UX310UAFC331T

HÖNNUN, HRAÐI OG KRAFTUR.
INTEL I5, 8GB MINNI OG 256GB M.2. SSD.
BAKLÝSING Í LYKLABORÐI OG FHD HÁSKERPUSKJÁR.

13,3" FULL HD
- INTEL i5 KABY LAKE
- INTEL HD 620
- 8GB MINNI
- 256GB SSD

**129.995**



**129.995**

### ÖRÞUNN OG LÉTT ZENBOOK

**AUKIN RAFHLÖÐUENDING**

ASU-UX330CAPURE4

SÉRSTAKLEGA ÖFLUG OG GLÆSILEG FARTÖLVA MEÐ HRINGBURSTAÐRI ÁFERÐ.
AÐEINS 13,5MM Á ÞYKKT OG VEGUR AÐEINS RÉTT RÚMLEGA KÍLÓ.
HARMAN / KARDON HÁTALARAKERFI

13,3" FULL HD
- INTEL CORE M3
- INTEL HD 615
- 8GB MINNI
- 256GB SSD

### 360° ZENBOOK FLIP MEÐ QHD+

**FARTÖLVA OG SPJALDTÖLVA**

ASU-UX360UADQ134T

BREYTIST Í SPJALDTÖLVU VIÐ AÐ SNÚA SKJÁ AÐ BAKHLIÐ.
AUKIÐ VINNUPLÁSS MEÐ WQHD SKJÁ MEÐ 3200X1800 UPPLAUSN.

13,3" QHD+
- INTEL i5
- INTEL HD 520
- 8GB MINNI
- 256GB SSD




**179.995**




**219.995**

### ZENBOOK FLIP MEÐ i7 OG 512GB SSD

**QHD+ UPPLAUSN**

ASU-UX360UAKDQ262T

KRAFTMIKIL ZENBOOK FLIP MEÐ MÖGNUÐUM
QHD+ SKJÁGÆÐUM. HÆGT ER AÐ NOTA BÆÐI SEM FARTÖLVU
OG SPJALDTÖLVU MEÐ EINU HANDTAKI.

13,3" QHD+
- INTEL CORE I7 7500U
- INTEL HD 620
- 8GB MINNI
- 512GB SSD




F-Secure

**VÍRUSVÖRN FYLGIR!**

**ÁRSÁSKRIFT AF F-SECURE SAFE ÖRYGGISPAKKA MEÐ VÍRUSVÖRN AÐ VERÐMÆTI 5.995 FYLGIR MEÐ ÖLLUM SKÓLATÖLVUM Í ÁGÚST!**

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRTORG | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |




# BÍÓ



**Charlize Theron sannaði það með brjáluðum tilþrifum í Mad Max: Fury Road hversu óendanlega svöl hún getur verið og undirstrikar það enn frekar í Atomic Blonde.**

# Harður ofurnjósnari í ljóskuleik

**KVIKMYNDIR**

## Atomic Blonde

★★★★☆

**Leikstjóri:** David Leitch
**Framleiðendur:** Beth Kono, A.J. Dix, Charlize Theron
**Handrit:** Kurt Johnstad
**Kvikmyndataka:** Jonathan Sela
**Klipping:** Elísabet Ronaldsdóttir
**Aðalhlutverk:** Charlize Theron, James McAvoy, Toby Jones

Atomic Blonde er fjarri því að vera innihaldslaus mynd, en það er ótvírætt að stíllinn sé í algerum forgangi. Þetta væri þó meira vandamál ef stíllinn væri ekki svona poppaður og lokkandi. Myndin er byggð á myndasögunni The Coldest City og sameinar frásagnarstíl gamaldags njósnaþrillera (í líkingu við þessa sem John LeCarré er þekktur fyrir) og harðsoðnari hasarveislur á borð við John Wick myndirnar, þar sem slagsmálasenur líkjast meira stílfærðum og ágengum dansi (segjum „ofbeldisballett“) frekar en linnulausum pyntingarathöfnum. Annars er skemmst að segja frá því að myndin er mátulega hörð – án þess að fara yfir strikið og áhorfandanum er leyft að finna fyrir hverju höggi þegar söguhetjan er komin í gírinn.

Sögusviðið er Berlín undir lok níunda áratugarins rétt áður en múrinn féll og samfélagsleg uppþot tímabilsins við það að ná hámarki.

Charlize Theron leikur Lorraine Broughton, einn af toppútsendurum bresku leyniþjónustunnar, sem beitir kynþokka sínum og gáfum til að halda sér á floti í óútreiknanlegum heimi njósnara á dögum kalda stríðsins.

Lorraine er send til að hafa uppi á mikilvægum lista yfir gagnnjósnara, en í Berlín mætir hún sérvitrum stöðvarstjóra að nafni David Percival (leikinn af háfleygum James McAvoy). Fljótlega verður ljóst að fleiri en einungis David hafa eitthvað að fela og Lorraine getur fáum treyst nema sjálfri sér þegar andstæðingar skjóta reglulega upp kollinum í leit að listanum eftirsótta.

Leikstjórinn og áhættuleikarinn fyrrverandi David Leitch er enginn nýliði þegar kemur að hasar. Leitch var annar leikstjóri fyrri John Wick myndarinnar og finnur hér fjölbreyttar leiðir til þess að útfæra eftirminnileg slagsmál eða eltingarleiki sem þræðast í kringum svikamyllurnar og í senn framkvæmir hann með teymi sínu hina ótrúlegustu hluti fyrir varla þriðjung af fjármagninu sem fer venjulega í stærri Hollywood-spennumyndir.

Elísabet Ronaldsdóttir sér meistaralega um að koma bröttu og fjörugu rennsli á heildina og gefa framvindunni aukinn púls ásamt eldfjörugu tónlistarvali þar sem „eitís fílingnum“ er dælt beint í æð – þó segjast verði að Cat People-lagið frá David Bowie verði aldrei betur nýtt heldur en í Inglourious Basterds, en bæði sú mynd og Atomic Blonde eiga það sameiginlegt að skarta þýska leikaranum Til Schweiger, merkilegt nokk.

Kvikmyndatökumaðurinn Jonathan Sela leikur sér síðan að lýsingu og neonlitum af miklu afli og rammar inn tímabil myndarinnar á ferskan hátt en skapar sömuleiðis eiturharða stemningu þegar þriðji hver rammi er eins og ofurstílfært listaverk. Það er mikil dýnamík í tökustílnum, sem best nýtur sín í hreint magnaðri „óslitinni“ töku þar sem farið er frá slagsmálum í stigagangi til gatna Berlínar í sömu senu.

En markviss leikstjórnin og slípað útlit myndarinnar er eintóm skreyting til samanburðar við þá rafmögnuðu geislun sem Charlize Theron gefur frá sér. Theron sannaði það með brjáluðum tilþrifum í Mad Max: Fury Road hversu ótakmarkað svöl hún getur verið og undirstrikar þetta enn frekar í Atomic Blonde.

Persónuprófíllinn hjá keðjureykjandi glókollinum Lorraine er mikil ráðgáta en nærvera hennar og marglaga sjarmi skilar sér í gegnum bugaðan en bráðgáfaðan karakterinn.

Myndin verður reyndar eilítið ruglingsleg á köflum og gefst lítill tími til að kynnast Lorraine formlega þegar svikamyllurnar hlaðast upp. Við fáum aftur á móti að sjá berskjaldaðri hliðar hennar (í andlegum og bókstaflegum skilningi) og mestmegnis þá í senum með Sofiu Boutella. Í smærri hlutverkum ná menn eins og John Goodman, Toby Jones, Eddie Marsan, Jóhannes Haukur og fleiri að gera meira en gott úr sínum takmarkaða tíma. James McAvoy virðist þó vera staðráðinn í því að stela senunni, enda í rjúkandi gír og óhræddur við ofleikinn, nánast eins og hann sé enn fastur í kvikmyndinni Split, en Boutella bragðbætir myndina með smá sakleysi og nauðsynlegri blíðu í sínu hlutverki.

Í hasarmyndum er venjan annars sú að hetjurnar standa upp óskaddaðar eftir hvern bardaga og ganga úr þeim eins og ekkert hafi í skorist.

Þessi hefð er látin eiga sig í þessari mynd, þar sem allir eru reglulega sýndir örþreyttir og bugaðir eftir hina hörðustu slagi, sem sýnir að hver bardagi hefur miklar afleiðingar í för með sér.

Atomic Blonde kemst ekki alveg upp á stall John Wick myndanna en hún á alveg erindi í sambærilegan gæðahóp og inniheldur nokkur hasaratriði sem eru klárlega með þeim tilkomumeiri sem eiga eftir að sjást á þessu ári. Myndin er ekki gerð til þess að vinna nein stórverðlaun en hún er meira en verðugur og hressilega yfirdrifinn stílgrautur sem ætti að halda óslitinni athygli flestra sem vita hverju skal eiga von á.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Efniviðurinn er stundum óþarflega þvældur en úrvinnslan er fersk, stílfærð, hörð, lífleg og töffaraskapurinn geislar svoleiðis af aðalleikkonunni frá byrjun til enda.

# ÞÚ FÆRÐ RAFMAGNSBORÐIÐ HJÁ HIRZLUNNI



**PRIMA** Góð rafmagnsborð sem Hirzlan hefur selt í áraraðir með góðum árangri.
**Verð frá: 56.000,-**



**E-MODEL** Vönduð rafmagnsborð með tveimur þýskum mótorum og minnisstýringu sem staðalbúnað. 5 ára ábyrgð.
**Verð fyrir 160-180 cm borð: 129.900,-**



**A6** Góðir rafmagnsfætur með tveimur mótorum og minnisstýringu sem staðalbúnað. 5 ára ábyrgð. Allar borðplötur á 30% afslætti með þessum fótum.
**Stakir fætur: 73.900,-**
**Tilboð með plötu frá: 85.600,-**

**ALLTAF ER HÆGT AÐ VELJA Á MILLI MISMUNANDI LITA Á FÓTUM AUK MARGRA GERÐA AF PLÖTUM**

# Hirzlan

GÆÐI · STÖÐUGLEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR

**Þið finnið okkur á Facebook**

**Síðumúla 37,**
**108 Reykjavík**
**Sími: 564-5040**
**hirzlan@hirzlan.is**
**hirzlan.is**

# SPARAÐU 35% AF ÞESSUM STÓLUM



**OPEN POINT**

Verð áður 41.900,- **Verð nú: 26.900,-**
Armar: 9.000,-



**HEAD POINT**

Verð áður 71.900,- **Verð nú: 45.900,-**
Armar fylgja



**X-PANDER**

Verð áður 98.900,- **Verð nú: 63.900,-**
Armar fylgja

MYNDFORM GRAFÍK







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| ANNABELLE: CREATION | KL. 8 - 9 - 10:20 |
| ANNABELLE: CREATION VIP | KL. 8 - 10:20 |
| DUNKIRK | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| DUNKIRK VIP | KL. 3:20 - 5:40 |
| FUN MOM DINNER | KL. 7 - 8 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 3 - 4 - 6 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 4 - 6 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 3D | KL. 3 - 5 |
| THE HOUSE | KL. 10:40 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 10 |
| PIRATES 2D | KL. 8 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| ANNABELLE: CREATION | KL. 5:40 - 8 - 10:30 |
| DUNKIRK | KL. 5:40 - 8 - 9 - 10:20 |
| THE BLEEDER | KL. 10:20 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 6 |
| BAYWATCH | KL. 8 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| ANNABELLE: CREATION | KL. 8 - 10:30 |
| ATOMIC BLONDE | KL. 8 - 10:30 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| ANNABELLE: CREATION | KL. 5:40 - 8 - 10:40 |
| DUNKIRK | KL. 6 - 8:20 - 10:20 |
| FUN MOM DINNER | KL. 6 - 8 - 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| ANNABELLE: CREATION | KL. 8 - 10:20 |
| DUNKIRK | KL. 8 - 10:20 |
| FUN MOM DINNER | KL. 6 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 6 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is







# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 10. ÁGÚST 2017

### Tónlist

**Hvað?** Ástarsöngvar
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Elmar Gilbertsson tenór og Agnes Thorsteins mezzósópran syngja um ástir og ástleysi milli mezzó og tenórs með aðstoð píanóleiks Marcin Koziel.

**Hvað?** Harmóníkan hljómar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húsavíkurkirkja

**Hvað?** Reykjavík Classics
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Harpa
Þóra Einarsdóttir söngkona og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari flytja sjaldheyrð sönglјóð eftir Ludwig van Beethoven. Tónleikarnir eru tvisvar á dag og hluti af tónleikaröðinni Reykjavík Classics (reykjavikclassics.com). Listrænn stjórnandi er Nína Margrét Grímsdóttir. Miðaverð 2.900 krónur.

**Hvað?** Alþjóðlegt orgelsumar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Einstakir tónleikar á Alþjóðlegu orgelsumri með fjölbreyttri efnisskrá og frumlegri hljóðfærasamsetningu. Þórir Jóhannsson kontrabassaleikari og Eyþór Ingi Jónsson organisti munu flytja saman tónlist eftir G.F. Händel, Z. Kodály, Karólínu Eiríksdóttur og M. Bruch. Þórir og Eyþór munu einnig frumflytja nýtt spennandi verk eftir Gísla Jóhann Grétarsson. Miðar fást klukkustund fyrir tónleika, verð 2.000 kr. Frítt fyrir listvini.

**Hvað?** Andy Svarthol, Bíbí & Blakkát og The Post Performance Blues Band
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Hljómsveitirnar Andy Svarthol, Bíbí & Blakkát og The Post Performance Blues Band koma fram á fjórðu Sumartónleikum Straums og Bíós Paradís fimmtudagskvöldið 10. ágúst klukkan 22.00 í anddyri bíósins. Ókeypis inn og tilboð á bjór.

### Viðburðir

**Hvað?** Diamond Minx's Reykjavík Revue
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Rosenberg, Klapparstíg
Frá Reykjavík Kabarett verða Nadia, Mokki og Lalli, en auk þeirra kemur fram reykvískur rjómi: Dragdrottningin Gógó Starr, kabarettsöngkonan Bibi Bioux og burlesquedívurnar Ginger Biscuit og Maria Callista. Eiginmaður Diamond, Mr. Yoyothrower kemur einnig fram, en hann keppir í heimsmeistaramótinu í yoyo sem fer fram í Reykjavík í ágúst (já, við vissum ekki heldur ekki um þetta mót fyrr en nýlega). Hann mun leika yoyolistir ásamt yoyoheimsmeisturunum Inmot!ion frá Sviss.

**Hvað?** Leiðsögn Hildigunnar Birgisdóttur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Hildigunnur Birgisdóttir, myndlistarmaður og samstarfsmaður Ragnars Kjartanssonar, tekur þátt í leiðsögn um sýninguna Guð, hvað mér líður illa í Hafnarhúsi. Eitt verkanna á sýningunni er myndbandsverkið Heimsljós – Líf og dauði listamanns, sem byggt er á skáldsögu Halldórs Laxness. Verkið var tekið upp í Tyssen-Bornemizsa samtímalistasafninu í Vín með þátttöku ættingja og vina Ragnars úr reykvísku listalífi. Framleiðsluferlið allt var mánaðarlangur gjörningur þar sem sýningargestir gátu fylgst með framrás kvikmyndarinnar og vinnslunni við hana. Hildigunnur Birgisdóttir er ein þeirra íslensku listamanna sem tóku þátt í gerð verksins, m.a. annars með því að bregða sér í hlutverk Ólafs Kárasonar sem ungs manns.

**Hvað?** Samasem / Sólsetrið / Video screening
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti
Í kvöld verður nýtt myndband frumsýnt við lagið Sólsetrið, sem er fyrsta útgefna efni sem tónlistarmennirnir BNGRBOY og DADYKEWL gera í sameiningu undir nafninu Samasem.

**Hvað?** Fílalag LIVE á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Hlaðvarpið geysivinsæla Fílalag verður lifandi og í beinni á Húrra í kvöld.

**Hvað?** WikiHow to start a punk band
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Dansarinn og danshöfundurinn Gígja Jónsdóttir ætlar að stofna pönkhljómsveit í Mengi fimmtudagskvöldið 10. ágúst 2017 klukkan 21 frammi fyrir áhorfendum. Húsið verður opnað klukkan 20.30 og miðaverð er 2.000 krónur. Miða er hægt að nálgast við innganginn eða í gegnum booking@mengi.net

**Hvað?** Opnunarpartí Snúrunnar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Ármúli 38
Drykkir, veitingar, tónlist og 15% afsláttur af öllum vörunum. 100 fyrstu sem versla fá kaupauka meðal annars frá Victorian, Mette Ditmer, Lie Gourmet, Lentz og L:A Bruket.

**Hvað?** KEX Live Karaoke
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Karókí með live bandi á Kexi í kvöld. Og bandið er ekki af verri endanum en í því eru Guðmundur Óskar Guðmundsson, Hjörtur Ingvi Jóhannsson, Þorvaldur Þór Þorvaldsson, Örn Eldjárn og Aron Steinn Ásbjarnarson. Einnig verða þarna leynisöngvarar.

**Hvað?** Opnunarhátíð Hinsegin daga / Reykjavik Pride's Opening Ceremony
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gamla bíó
Ættarmót hinsegin fólks þar sem við skyggnumst inn í hinsegin listir, dans, drag og tónlist. Landsþekktir listamenn og skemmtikraftar munu stíga á svið og trylla lýðinn. Fordrykkur fyrir fyrstu gesti frá kl. 20. Drykkir á barnum, plötusnúður og skemmtiatriði að dagskrá lokinni.


Bergur Ebbi og Snorri Helgason, stjórnendur hlaðvarpsins Fílalags, verða með lifandi þátt á Húrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR







| | |
|---|---|
| Sing Street | 18:00 |
| I, Daniel Blake | 17:45 |
| Hjartasteinn | 17:30 |
| Out of Thin Air | 20:00 |
| The Other Side Of Hope | 20:00 |
| Eg Man Þig | 20:00 |
| The Greasy Strangler | 22:00 |
| Heima | 22:15 |



REESE WITHERSPOON
Elizabeth Arden
NEW YORK
NÝTT
FYRIR ANDLIT
FYRIR AUGU
ADVANCED
CERAMIDE
CAPSULES
DAILY YOUTH
RESTORING SERUM
Með einum snúningi færa Advanced Ceramide Capsules þér fullkominn þéttleika og ljóma. Of lítill raki er undirrót ótímabærrar öldrunar húðar og er því mikilvægt að halda rakahlutföllum húðarinnar í lagi. Þess vegna er Advanced Ceramide Capsules svarið fyrir húð sem er þreytt, þurr og líflaus. Ceramide-tæknin ýtir undir heilbrigði húðarinnar með daglegum skammti af raka og yngir útlit hennar um allt að 10 ár.*
Ný Advanced Ceramide Eye Capsules þétta og minnka sjáanlegar línur á augnsvæði auk þess að vinna á þrota** – einn snúningur, sjáanleg virkni.
Live with Confidence
x Reese
*Klínísk rannsókn í USA, 25 konur á aldrinum 41–49 ára í 12 vikur. **Eftir 4 vikur.
20% afsláttur af öllum vörum frá Elizabeth Arden dagana 10.–16. ágúst.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

### STÖÐ 2

07.00 **The Simpsons**
07.25 **Kalli kanína og félagar**
07.50 **Tommi og Jenni**
08.10 **The Middle**
08.35 **Ellen**
09.15 **Bold and the Beautiful**
09.35 **The Doctors**
10.15 **Mom**
10.40 **Sælkeraheimsreisa um Reykjavík**
11.05 **Veistu hver ég var?**
11.55 **Landnemarnir**
12.35 **Nágrannar**
13.00 **Cesar Chavez**
14.40 **Nancy Drew**
16.15 **Little Big Shots**
17.00 **Bold and the Beautiful**
17.25 **Nágrannar**
17.50 **Ellen**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.55 **Íþróttir**
19.05 **Ísland í sumar**
19.20 **Insecure** Önnur syrpa þessara frábæru þátta úr smiðju HBO sem fjalla um hispurslausa en afar óörugga unga konu sem leikin er af Issa Rea sem er jafnframt höfundur þáttanna og var tilnefnd til Golden Globe verðlaunanna 2017 sem besta leikkona í gamanþáttaröð. Fylgst er með sambandi tveggja svartra vinkvenna sem gera sitt besta til að fóta sig í kröfuhörðum heimi þar sem þær þurfa að berjast við staðalímyndir kynþátta og kynjanna og oft á tíðum ganga í gegnum vandræðaleg en kómísk augnablik í lífi og starfi.
19.50 **Masterchef USA** Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fyrir keppendur í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug þeirra, úrræði og færni. Að lokum eru það þó alltaf dómararnir sem kveða upp sinn dóm og ákveða hverjir fá að halda áfram og eiga möguleika á að standa uppi sem Meistarakokkurinn.
20.35 **NCIS**
21.20 **Animal Kingdom** Önnur syrpan af þessum mögnuðu glæpaþáttum sem fjalla um ungan mann sem flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr. Þar lendir hann inn í vægast sagt vafasöm mál þar sem fjölskyldustarfsemin er ekki öll sem hún er séð.
22.10 **Training Day**
22.55 **Real Time With Bill Maher**
23.55 **Prison Break**
00.40 **Prison Break**
01.20 **Prison Break**
02.05 **Crimes That Shook Britain**
02.55 **Cymbeline**
04.30 **Cesar Chavez**
06.10 **The Middle**

### STÖÐ 2 SPORT

07.15 **Stjarnan - Breiðablik**
08.55 **Pepsi-mörkin 2017**
10.20 **Bolton - Leeds**
12.15 **Fjölnir - KA**
13.55 **FH - Valur**
15.35 **Síðustu 20**
16.00 **Stjarnan - Breiðablik**
17.40 **Pepsi-mörkin 2017**
19.05 **Valur - Breiðablik**
21.15 **Premier League World 2016/2017**
21.45 **Premier League - Preview to the Season**
22.40 **Real Madrid - Manchester United**
00.20 **Valur - Breiðablik**

### STÖÐ 3

17.15 **Raising Hope**
17.40 **New Girl**
18.05 **Mike and Molly**
18.30 **Modern Family**
18.55 **Curb Your Enthusiasm**
19.25 **Sumar- og grillréttir Eyþórs**
19.50 **Bara grín**
20.20 **Undateable**
20.45 **Claws**
21.30 **American Horror Story: Roanoke**
22.15 **Banshee**
23.05 **Gilmore Girls**
23.50 **It's Always Sunny in Philadelphia**
00.15 **Eastbound and Down**
00.45 **Modern Family**
01.10 **Curb Your Enthusiasm**
01.40 **Sumar- og grillréttir Eyþórs**
02.05 **Bara grín**
02.35 **Undateable**
03.00 **Claws**
03.45 **Tónlist**

### KRAKKASTÖÐIN

07.00 **Kormákur**
07.11 **Zigby**
07.25 **Stóri og Litli**
07.38 **Latibær**
08.00 **Dóra könnuður**
08.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
08.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
09.00 **Áfram Diego, áfram!**
09.24 **Svampur Sveinsson**
09.49 **Lalli**
09.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
10.00 **Lína langsokkur**
10.25 **Hvellur keppnisbíll**
10.37 **Ævintýraferðin**
10.49 **Gulla og grænjaxlarnir**
11.00 **Kormákur**
11.12 **Zigby**
11.26 **Stóri og Litli**
11.39 **Latibær**
12.00 **Dóra könnuður**
12.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
12.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
13.00 **Áfram Diego, áfram!**
13.24 **Svampur Sveinsson**
13.49 **Lalli**
13.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
14.00 **Lína langsokkur**
14.25 **Hvellur keppnisbíll**
14.37 **Ævintýraferðin**
14.49 **Gulla og grænjaxlarnir**
15.00 **Kormákur**
15.12 **Zigby**
15.26 **Stóri og Litli**
15.39 **Latibær**
16.00 **Dóra könnuður**
16.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
16.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
17.00 **Áfram Diego, áfram!**
17.24 **Svampur Sveinsson**
17.49 **Lalli**
17.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
18.00 **Lína langsokkur**
18.25 **Hvellur keppnisbíll**
18.37 **Ævintýraferðin**
18.49 **Gulla og grænjaxlarnir**
19.00 **Lína Langsokkur**

### GOLFSTÖÐIN

08.00 **Golfing World 2017**
08.50 **WGC: Bridgestone Invitational**
15.45 **Golfing World 2017**
16.35 **Inside the PGA Tour 2017**
17.00 **PGA Championship 2017**
23.00 **Inside the PGA Tour 2017**
23.25 **PGA Highlights 2017**

### BÍÓSTÖÐIN

09.55 **Goosebumps**
11.40 **Mona Lisa Smile**
13.40 **As Good as It Gets**
15.55 **Goosebumps**
17.40 **Mona Lisa Smile**
19.40 **As Good as It Gets** Jack Nicholson og Helen Hunt fengu Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í þessari frábæru gamanmynd. Aðalpersónan er kuldalegur og með eindæmum sérvitur náungi sem forðast náin samskipti við annað fólk. Örlögin haga því hins vegar þannig að hann tengist smám saman gengilbeinu á veitingahúsi og homma í næstu íbúð sterkum böndum.
22.00 **Couple's Retreat**
23.55 **Hitman: Agent 47** Spennutryllir frá 2015 sem segir frá leigumorðingja sem kallast 47 og á að baki flekklausan feril sem gerir hann að fyrsta kosti þeirra sem þurfa á þjónustu leigumorðingja að halda. Í raun er 47 klónaður og frá upphafi þjálfaður til að verða besti leigumorðingi í heimi enda býr hann að ótrúlegum styrk og gáfum sem gera hann að óvinnandi andstæðingi. 47 þarf nú að takast á við gríðarlega öflug leynisamtök sem ætla sér að komast að leyndardómum hans og búa til sinn eigin her af morðingjum.
01.30 **Closed Circuit**
03.05 **Couple's Retreat**

### RÚV

16.30 **Flikk Flakk**
17.15 **Táknmálsfréttir**
17.25 **HM í frjálsum íþróttum**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.35 **Matur frá öllum heimshornum – Rachel Khoo: Malasía**
20.40 **HM í frjálsum íþróttum**
20.50 **Í mat hjá mömmu**
21.15 **Svartir englar**
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veðurfréttir**
22.20 **HM í frjálsum íþróttum: Samantekt**
22.35 **HM íslenska hestsins: Samantekt**
22.50 **Haltu mér, slepptu mér**
23.40 **Skömm**
00.05 **Dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

06.00 **Síminn + Spotify**
08.00 **Everybody Loves Raymond**
08.25 **Dr. Phil**
09.05 **Life Unexpected**
09.50 **Crazy Ex-Girlfriend**
10.35 **Síminn + Spotify**
11.20 **The Bachelorette**
12.50 **The Bachelorette**
13.35 **Dr. Phil**
14.15 **Life in Pieces**
14.40 **Remedy**
15.25 **The Wrong Mans**
15.50 **The Biggest Loser**
16.35 **King of Queens**
17.00 **Jennifer Falls**
17.25 **How I Met Your Mother**
17.50 **Dr. Phil**
18.30 **The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
19.10 **The Late Late Show with James Corden**
19.50 **Making History**
20.15 **Pitch**
21.00 **How to Get Away with Murder**
21.45 **Rillington Place**
22.40 **Dice**
23.10 **The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
23.50 **The Late Late Show with James Corden**

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




**NCIS**
Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.

**FRÁBÆR FIMMTUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

**MASTERCHEF USA**
Skemmtileg sería með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



**ANIMAL KINGDOM**
Ungur maður flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr og lendir þar inni í vægast sagt flókinni atburðarás.



**TRAINING DAY**
Stórskemmtilegur spennuþáttur um tvo afar ólíka rannsóknarlögreglumenn sem oftar en ekki eru æði ósammála um hvernig löggæslan skuli fara fram!



**COUPLE'S RETREAT**
Hressileg gamanmynd um fjögur pör sem fara saman í draumafrí á fjarlæga sólarströnd en þar fer margt öðruvísi en ætlað var.



**BANSHEE**
Magnaður spennuþættir um Lucas Hood sem er fyrrverandi fangi og afar útsmoginn þjófur en hann hefur ráð undir rifi hverju og kann að koma sé áfram.



**LÍNA LANGSOKKUR**
Hress og skemmtileg teiknimynd um sterkustu stelpu í heimi, Línu Langsokk og vini hennar Önnu og Tomma.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


SPORT
Premier League
ENSKI BOLTINN ER HAFINN!
Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði
SPORTPAKKINN
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT
STRAX Í DAG
365.is | Sími 1817
365
*miðað við 12 mánaða bindingu

# Djassgeggjarar ganga fylktu liði

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ



Jagúar-Sammi var að sjálfsögðu mættur og sveiflaði básúnunni fram og til baka.

„Ég er ekki frá því að þetta sé betra en í fyrra!“

Þessir ferðamenn festu gleðina á filmu.

Jazzhátíð Reykjavíkur hófst í gær með pomp og prakt og af því tilefni gekk hópur djassara frá plötuversluninni Lucky Records og niður að Hörpunni eins og venja er. Lífið var auðvitað á svæðinu og fangaði þessa miklu gleði á ljósmyndir.



Vegfarendur voru hvattir til að taka þátt í líflegri „Mardi Gras“ göngu.



Blásturs- og ásláttarhljóðfæri voru fyrirferðarmikil.



Hljóðfæri voru ekki skilyrði til að taka þátt.



Bjössi sax lét sig ekki vanta og blés af lífs og sálar kröftum.

ÚTSALAN ER HAFIN!
10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
ego dekor
www.egodekor.is
Egodekor - Bæjarlind 12 Kópavogi

SUMARMARKAÐUR ELLINGSEN

# ÚTSÖLULOK

## ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS




# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1–3 AKUREYRI / ELLINGSEN.IS / SÍÐAN 1916

Columbia SKECHERS TRESPASS DIDRIKSONS1913 MOUNTAIN HARDWEAR NIKE ecco Champion MERIDA SOREL DEVOLD zamberlan Coleman adidas

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## 02.08.17 – 08.08.17







**1** **Afætur** Jussi Adler Olsen

**2** **Nornin** Camilla Läckberg







**3** **Með lífið að veði** Yeonmi Park

**4** **Camille** Pierre Lemaitre







**5** **Konan í dalnum og dæturnar sjö** Guðmundur G. Hagalín

**6** **Fjallið** Luca D'andrea







**7** **Iceland Small World** Sigurgeir Sigurjónsson

**8** **Hús tveggja fjölskyldna** Lynda Cohen Loigman







**9** **Independent People** Halldór Laxness

**10** **Njal's Saga** Ýmsir höfundar

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT





**Hrefna Lind sendir í dag frá sér glænýtt lag og myndband sem fjallar um kaffi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Sviðslistakona skoðar hvort hægt sé að gera plan

**Hrefna Lind Lárusdóttir** listakona er búin að gera plan og safnar peningum á Karolina Fund til þess að geta borgað sinn fyrrverandi út úr íbúðinni sinni. Í skiptum fyrir styrk gefur hún ýmislegt, meðal annars tequila hugleiðslu og EP plötu.

Já, ég var að byrja með síðu á Karolina fund þar sem ég er að safna peningum svo ég geti borgað fyrrverandi manninn minn út. Þetta er upplifunarverk sem gengur næstu 40 daga þar sem ég skoða hvort það sé hægt að gera plan og fóta sig í leiðinni á húsnæðismarkaði," segir listakonan Hrefna Lind Lárusdóttir sem var á dögunum að hrinda af stað söfnuninni/upplifunarverkinu My House.

„Ég er í framhaldsnámi í sviðslistum og er að nota það sem ég geri, mína krafta, til að sjá hvort það sé hægt að fóta sig á húsnæðismarkaðinum með þá eina að vopni. Ég er að reyna að safna einni komma átta milljónum til að standa straum af þeim viðburðum sem ég er að bjóða upp á."

Hrefna býður upp á ýmiss konar viðburði í skiptum fyrir stuðning við verkefnið, meðal annars býður hún upp á gistingu, kaffispjall og EP plötu sem hún stefnir á að gefa út á vínyl. Einnig býður hún fólki að horfa á tvo Netflix þætti með sér og leigjandanum hennar, honum Stefáni, ásamt því að þeir sem vilja geta leyft börnunum sínum að hoppa á trampólíninu í garðinum hennar. Svo er það eitthvað sem Hrefna kallar tequila hugleiðslu.

> **ÞETTA ER ÓÐURINN TIL KAFFISINS OG KAFFISPJALLA. ÉG ER SVOLÍTIÐ AÐ TALA UM HVAÐ ÉG ELSKA KAFFI OG HVAÐ ÞAÐ ER GAMAN AÐ HITTA FÓLK Í KAFFISPJALLI.**

„Ég er sem sagt lærður jógakennari og er búin að vera að þróa síðan ég kom heim frá Indlandi það sem ég kalla leikhúsjóga – þar koma vinahópar í heimsókn eða ég fer til þeirra og leiði þau í gegnum hugleiðslu. Ég fer í karakter sem er jógakennari. Þetta er svolítið eins og djamm í núvitund – ég er með míkrófón og tónlist, þau fara í gegnum öndunaræfingar og núvitundaræfingar – svo erum við með tequila og lime. Þetta er svolítið geggjuð og flott hugleiðsla sem kemur fólki í gírinn og gerir það „zen-að" í leiðinni. Ég er byrjuð að fá pantanir á hana fyrir utan þessa söfnun – að koma í afmæli og alls konar."

Í dag gefur Hrefna svo út lag og myndband til að keyra söfnunina í gang. Lagið nefnist Coffee makes the conversation – eða kaffið gerir samtalið – og fjallar, eins og titillinn bendir til, um samræður yfir kaffibolla.

„Söfnunin er ekki að fara hratt af stað, það eru bara komin tvö prósent – þannig að ég ákvað að gefa út lag. Þetta lag verður hluti af EP plötunni og ef þetta næst þá verður það 10 tommu vínylplata. Þetta er óðurinn til kaffisins og kaffispjalls. Ég er svolítið að tala um hvað ég elska kaffi og hvað það er gaman að hitta fólk í kaffispjalli – ég er svolítið að vekja athygli á því hversu gefandi kaffispjall er. Kaffi er gott."

Söfnun Hrefnu má nálgast á Karolina Fund undir titlinum My House. **stefanthor@frettabladid.is**

# Nýjasti Stuðmaðurinn í dómarasæti

Þáttaröðin Kórar Íslands hefur göngu sína á Stöð 2 núna í haust. Þar munu allir bestu kórar landsins etja kappi um hver stendur uppi sem sigurvegari og hlýtur titilinn Kór Íslands. Kynnir þáttarins verður Friðrik Dór sem í samtali við Fréttablaðið sagðist vera gríðarlega spenntur og þá sérstaklega fyrir því að vera settur í beina útsendingu í fyrsta skiptið.

Núna er komið í ljós hverjir skipa dómnefnd þáttarins, en hún verður svo sannarlega ekki af verri endanum. Þetta verða þau Kristjana Stefánsdóttir, Bryndís Jakobsdóttir og Ari Bragi Kárason. Öll hafa þau getið sér gott orð í tónlistarheiminum og ættu leikandi að geta höndlað það ótrúlega erfiða verkefni sem þeirra bíður að skera úr um hvaða kór hefur vinninginn. **– sþh**



**Bryndís (Dísa) Jakobsdóttir, tónlistarkona**


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Skólatöskurnar fást í A4



Explore
Verð 9.990 kr.



Explore
Verð 9.990 kr.




Nike
Verð 7.999 kr.




Nike
Verð 7.999 kr.



Herschel
Verð 9.995 kr.



Herschel
Verð 9.995 kr.



Rocket
Verð 13.999 kr.



Delta
Verð 9.999 kr.



Under Armour
Verð 5.990 kr.



Under Armour
Verð 5.990 kr.



Base
Verð 9.999 kr.



Snap
Verð 9.999 kr.

**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**
**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

**A4**
**SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.




FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR

Frosta Logasonar



## Stalín á Google

Staðreyndir eiga undir högg að sækja. Bæði frá hægri og vinstri vængnum. Eins dapurlega og það nú kann að hljóma. Að rýna í tölfræði og greina munstur úr upplýsingum er allt í einu orðið ægilegt tabú. Meira að segja hjá frjálslyndum alþjóðlegum stórfyrirtækjum sem einmitt sérhæfa sig í því að rýna í tölur og greina munstur. Það segir okkur að undir niðri kraumar eitthvað í tíðaranda okkar sem líklega á eftir að gjósa upp á yfirborðið með miklum hvelli.

Tæknirisinn Google hefur innan sinna raða mikið af framsæknu og hæfu starfsfólki. Einn úr hópi þeirra velti fyrir sér í minnisblaði nýverið hvers vegna færri konur réðust í störf forritara. Benti hann á að fyrir því væru hugsanlega einhverjar aðrar og eðlilegri skýringar en hin vinsæla kúgun feðraveldisins. Vísaði hann í nokkrar rannsóknir sem sýndu fram á að mismunandi áhugi kynjanna á ólíkum störfum að meðaltali gæti tengst líffræðilegum þáttum. Þrátt fyrir nokkuð ítarleg gögn og auðsannanleg vísindi á bak við þessa tilgátu verður allt vitlaust.

Réttlætisriddarar stökkva fram og urða yfir starfsmanninn í netheimum. Honum er að vísu ekki svarað á nokkurn hátt með málefnalegum rökum en hann er úthrópaður sem karlremba og kvenhatari. Íslenskir baráttumenn fyrir bættara samfélagi gera sig breiða í kommentakerfum og segja manninn mega fara norður og niður og hann eigi ekkert skilið annað en brottrekstur. Og þeim verður að sjálfsögðu að ósk sinni. Enda voru Stalín og Maó líka miklir baráttumenn fyrir bættara samfélagi, þó þeir hafi hvorki verið Píratar né félagar í Jæjahópnum.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Skólabæklingur Epli
fylgir Fréttablaðinu í dag



EPLI
Laugavegi 182 og Smáralind
Sími 512 1300 · epli.is













Dögun
Litur #412

Hafgola
Litur #382

Djúpið
Litur #374

HVER ER ÞINN LITUR?
Ef hann er ekki til á litakorti þá blöndum við hann bara!

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN